

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
ÁRSSKÝRSLA 2009



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRSLA 2009

SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR UM STARFSEMINA
STARFSÁRIÐ FRÁ APRÍL 2009 - APRÍL 2010.
Lagt fram á sambandsstjórnarfundi Egilsstöðum 6. - 7. maí 2010

Efnisyfirlit

Inngangur formanns	4
Stjórnir RSÍ kosnar á 16. þingi RSÍ 2007	7
Framkvæmdastjórn:	7
Miðstjórn	7
Sambandsstjórn	7
Starfsnefndir miðstjórnar:.....	8
Stjórnir aðildarféлага kjörnar á aðalfundum	8
Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum	9
Skipun fastanefnda ASÍ af hálfu RSÍ	10
Félagsmenn.....	11
Erlendir félagsmenn	11
Atvinnuleysi.....	12
Yfirlit yfir atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna frá Hruni :.....	12
Starfsemin	13
Helstu kennitölur úr bókhaldi.	13
Skrifstofan	13
Starfsmenn RSÍ.....	14
Flutningur í Stórhöfða 27 og breytingar á eignarhaldi í Stórhöfða 31 og Skeifunni	14
Lögfræðingur	14
Starfsendurhæfingarráðgjafi	15
Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðar.	16
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins.....	16
Samstarf við Leonardo	16
Raunfærnimat	16
Rafbókasafnið.....	16
Rafiðnaðarskólinn	17
Íslandsmót iðngreina.....	18
Heimskeppni iðngreina.....	18
Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur.....	18
Handbók um raflagnir bygginga IST-200 staðalinn.....	19
Fjölbrautarskólinn á Sauðárkrók 30 ára.....	19
Styrkir RSÍ til mannúðarmála.....	19
Félagstarfið	20
Viðhorfskönnun á starfsemi RSÍ	20
Miðstjórn	21
Ályktun um meistaranám.	21
Ályktun um breytingu á lögum framhaldsskóla.	22
Vinnufundur miðstjórnar.....	23
Ályktun vinnufundar um atvinnumál.....	23
Ályktun vinnufundar um Stöðugleikasáttmála.	24
Ályktun um arðgreiðslur.....	25
Félagsfundir.	25
Trúnaðarmannaráðstefnan	26


Sambandstjórnarfundur	28
Ársfundur Stafa fyrsta skerðing réttinda	28
Jólaball RSÍ.....	28
Fjölskylduhátíð RSÍ	28
Ferð eldri félagsmanna.	29
Spennugolf 2009.....	29
Veiðikort og útilegukort.	29
Umhverfisþing.....	30
Erlent samstarf.....	32
Ráðstefna norræna rafiðnaðarsambandsins.....	32
Þing Evrópusambands byggingarmanna.	33
Þing norræna byggingarsambandsins.....	34
Kjarasamningar	37
Aðdragandi Stöðugleikasáttmála.....	37
Uppsögn stöðugleikasáttmála.	38
Launabreytingar 2009	39
Deilur við Símann.	41
Launakönnun Capacent fyrir RSÍ september 2009.	43
Orlofskerfi RSÍ	46
Miklar breytingar	46
Úthlutun 8. apríl 2010	47
Skógarnes við Apavatn.	48
Menntamál.....	50
Sveinspróf.....	50
Rafiðnaðarskólinn.	50
Styrktarsjóðurinn	52
Tegund styrkja – fjöldi styrkþega.....	52
Styrkir	52
Breytingar á styrkjum	53
Starfsemi Stafa á óvissuárinu 2009	54
Sjóðfélagar og iðgjöld	54
Lífeyrisgreiðslur og tryggingastaða	54
Ávöxtun eigna	55
Fjárfestingar.....	55
Rekstrarkostnaður	55
Skipulag og stjórnun Stafa.....	56
Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og breytast mánaðarlega.....	56

Inngangur formanns



Síðasta ár markaðist vitanlega af ástandinu sem Hrúnið hefur valdið. Fall krónunnar olli auknum skuldum, hækkandi verðlagi og minnkandi kaupmætti. Verðbólga lækkaði ekki eins mikið og gert hafði verið ráð fyrir og fjöldi heimila var í vandræðum. Stjórnámamenn voru uppteknir við eitt mál, og virtust nýta sér það sem skjól til þess að komast hjá því að horfast í augu við hinn raunverulega vanda. Stjórnámamenn báru fyrir sig að Hrúnið væri tilkomið vegna utanaðkomandi þátta en þegar leið á árið fóru að koma fram atriði sem sýndu að ástæður Hrúnsins var að mestu leiti að finna í röngum ákvörðunum innanlands og pólitískri lömunarveiki gagnvart ofvöxnum bönkum.

Ástand innan RSÍ var betra en við mátti búast, atvinnuleysi var mun minna en í öðrum starfsgeirum, en það var reyndar að töluverðu leiti tilkomið vegna þess að margir fluttu úr landi og svipaður hópur fór til náms, eins og fram kemur annarsstaðar í skýrslunni. Í launakönnunum sem sambandið gerði virtust kjaraskerðingar meðal rafiðnaðarmanna ekki vera jafnumfangsmiklar og gert hafði verið ráð fyrir í spám. Nokkuð var um það í ákveðnum sviðum rafiðnaðargeirans að vinnuvikan var stytta og sumstaðar tekinn upp fjögurra daga vinnuvika.



Hafa laun þín eða starfsblutfall verið skert á undanförunum 12 mánuðum vegna efnahagsþrenginga? Úr könnun Capacent

Áberandi var hversu mikið félagsleg virkni hefur vaxið eftir Hrúnið, tæplega 1.000 félagsmenn sóttu fjölmarga fundi sem haldnir voru víðsvegar um landið. Margskonar stuðningur var við atvinnulausa félagsmenn, sérstaklega í formi námskeiðsstyrkja. Einnig var ákveðið auka þjónustu með ráðningu lögfræðinga og starfsendurhæfingarfulltrúa. Töluverð aukning varð einnig á líkamsræktarstyrkjum og sjúkradagpeningum. Miklar framkvæmdir voru í orlofskerfinu þrátt fyrir að nokkur tekjusamdráttur hafi verið hjá sambandinu. En þrátt fyrir það var ákveðið að halda áfram við að endurnýja orlofseignir. Erfitt væri fyrir sambandið að draga saman viðhaldsvinnu á sama tíma og það væri að krefja sveitarfélög og hið opinbera um auknar aðgerðir. Ákveðið var að festa kaup á meira húsnæði í Stórhöfðanum með makaskiptum á skólahúsnæðinu í Skeifunni.




Mörgum þótti einkennileg afstaða stuðningsmanna þeirra sem stóðu að baki þeirra ríkisstjórna sem mótuðu efnahagstefnuna og einkavæðingu fyrirtækja í eigu almennings. Þenslan var nýtt til þess að lækka skatta og um leið voru bætur í almenna tryggingakerfinu lækkaðar með tekjutengingum og kyrrstöðu skerðingarmarka. Verkalýðshreyfingin mótmælti þessu kröftuglega ásamt nokkrum hagfræðingum í Háskólanum og lögðu voru fram gögn sem sýndu svo ekki var um villst hvert stefndi, en meirihluti þjóðarinnar valdi frekar hægri leiðinu og endurkauf þessa stjórnarstefnu. Það er ríkisvaldið sem ákvarðar hvernig almenna tryggingakerfið er rekið og Alþingi sem staðfestir þær ákvarðanir. Ekki verkalýðshreyfingin.

Á tímum mikillar þenslu og góðrar stöðu á vinnumarkaði náðist að hækka sérstaklega í hverjum kjarasamningum á fætur öðrum lægstu laun. Í RSÍ tókst að hækka lægstu taxa 46% umfram umsamdar almennar launahækkanir það sem af er þessari öld. Árin 2006 og 2007 voru meðallaun íslenskra rafíðnaðarmanna með þeim hæstu á norðurlöndum. Verkalýðshreyfingin benti ítrekað á gengi krónunnar væri fallvalt og að taka yrði það vald frá stjórnvöldum að geta leiðrétt „blóðsúthellingalaust of góða kjarasamninga með gengisfellingu krónunnar.“ Þeir sem stjórnðu vildu ekki hlusta á andmæli. Það eru réttkjörinn stjórnvöld sem ákvarða peningastefnuna og meirihlutinn vildi ekki ræða breytingar á henni. Það er gengisfall krónunnar sem veldur lækkun launa og minnkun kaupmáttar. Krónan dæmir launamenn til dvalar á láglaunasvæði þar sem stjórnámamenn nýta hana til leiðréttinga á slakri efnahagstjórn og timburmanna eftir ofsafengnar framkvæmdir byggðum á kosningalofordum.

Umræðan og ákvarðanatökan verður að vera yfirveguð. Lýðskrumið hefur um of verið við völd. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis staðfestir að spillingin hefur verið yfirgengileg og þjóðin treystir ekki stjórnámamönnum, Alþingi, ríkisstjórn og eftirlitstofnunum hins opinbera. Það var ríkið sem brást almenningi. Það verður ekki haldið lengra á sömu braut. Það hefur orðið siðrof milli stjórnámamanna og almennings og það verður að leggja nýjan grunn.

Að venju er skýrslan ítarleg sakir þess að hún er hugsuð að hluta til sem heimildarrit um sögu sambandsins.



Stjórnir RSÍ kosnar á 16. þingi RSÍ 2007



Framkvæmdastjórn:

Framkvæmdastjóri og formaður: Guðmundur Gunnarsson,
varaformaður: Björn Ágúst Sigurjónsson, **ritari:** Helgi Jónsson,
gjaldkeri: Haukur Ágústsson, **meðstjórnandi:** Grétar
Guðmundsson

Miðstjórn

Aðalmenn miðstjórn

Andri Jóhannesson FRV
Birna Dögg Granz
Einar Kristinsson FSK
Frosti Frostason FÍR
Georg Georgsson RFS
Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS
Haflíði Sívertsen FTR
Helgi Einarsson FNÍR
Jakob Tryggvason FTR
Jens Ragnarsson FÍR
Kristján Þórður Snæbjarnason FRV
Ómar Baldursson FRS
Sigurgeir Ólafsson FSS
Sigurður Sigurðsson FÍR
Stefán Sveinsson FÍR

Varamenn

Anna Melsteð FTR
Brynjar Hermannsson RFN
Davíð E. Sigmundsson FRV
Eyjólfur Ólafsson RFV
Haraldur Arnbjörnsson RFS
Jóhann Bjarnason FRS
Jón Ingi Ófjörð FÍR
Kristín Ósk Óskarsdóttir FÍS
Sighvatur D. Sighvatsson FSS
Sigurjón Ingvarsson FÍR
Svanborg Hilmarsdóttir FNÍR
Þórður Bachmann FÍR

Sambandsstjórn

Aðalmenn

Bára Halldórsdóttir FRV
Borgþór Hjörvarsson FÍR
Bjarni Harðarson FÍS
Björn Eysteinnsson FRV
Heimír Ólason FÍR
Haraldur Jónsson FÍR
Ísleifur Tómasson FÍR
Júlía B. Þórðardóttir FÍR
Rúnar Bachmann FÍR
Rúnar S. Sigurjónsson FNÍR
Sigurður Ólafsson RFN
Trausti Gíslason RFS
Viðar Már Þorsteinsson FSS
Þorsteinn Ú. Björnsson FTR

Varamenn

Aðalsteinn Arnarson RFN
Aðalsteinn Stefánsson FÍR
Arnar B. Arnóddsson RFS
Ármann H. Guðmundsson FRV
Bjarni Þór Ólafsson FSS
Brynjar Svansson FÍR
Gestur Magnússon FÍR
Gestur Bjarnason FÍR
Heiðar Friðjónsson FSK
Helgi Þorvaldsson FÍR
Sigurður Hauksson FÍS
Sigurður Karlsson FÍR
Valdimar Ásgeirsson FNÍR
Þorvaldur Þorvaldsson FRS

Starfsnefndir miðstjórnar:

Formaður kjörstjórna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga: Stefán Ó. Guðmundsson

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga: Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson

Launanefnd: Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson, Sigurður Sigurðsson og Haukur Ágústsson.

Orlofsnefnd: Sigurður Sigurðsson, Sigurður Lúter Björgvinsson, Einar Kristinsson og Bára Halldórsdóttir og Borgþór Hjörvarsson til vara.

Golfnefnd: Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson. Með nefndinni starfar Stefán Ó Guðmundsson.

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs: Ísleifur Tómasson, Björn Eysteinnsson og Guðrún Guðmundsdóttir

Laganefnd: Rúnar Bachmann, Georg Georgsson og Jakob Tryggvason

Stjórn Norræna rafiðnaðarsambandsins : Þar situr formaður hvers lands fyrir sig.

Arbejdsmiljo Nef: Ísleifur Tómasson

Menntanefnd NEF: Sigurður Geirsson

Arbejdsmiljo NBTF: Ísleifur Tómasson

Stjórn NBTF: Guðmundur Gunnarsson

Stjórn NTO: Grétar Guðmundsson, Björn Eysteinnsson varam. Sigurgeir Ólafsson.

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason.

Skoðunarmenn: Bára Halldórsdóttir, Sigurður L. Björgvinsson. Til vara. Árni H. Jóhannsson

Stjórnarmenn Stafa lífeyrissjóðs: Haraldur Jónsson aðalmaður, Guðmundur Gunnarsson varamaður. Niels Sigurðsson fyrir Matvís, Andri Jóhannsson varamaður.

Stjórnir aðildarfélaga kjörnar á aðalfundum:

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja: Stefán Sveinsson form., Björn Ágúst Sigurjónsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Jón Ingi Öfjörð, Jón Ólafur Halldórsson og Sigurjón Ingvarsson.

Stjórn Félags rafeindavirkja: Kristján Þórður Snæbjarnason formaður, Haukur Ágústsson varaform, Davíð E. Sigmundsson ritari, Andri Jóhannesson gjaldkeri, Eyjólfur Ólafsson, Þórarinn Ólafsson og Örn Kristinsson meðstj. Varam. í stjórn Svanur Þorsteinsson, Bára Halldórsdóttir og Ásvaldur Kristjánsson.

Félag íslenskra símamanna: Grétar Guðmundsson formaður, Kristín Ósk Óskarsdóttir varaformaður, Birna Dögg Granz ritari, Guðrún S. Bergþórsdóttir gjaldkeri, Bjarni R. Harðarson meðstj.

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands: Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson

gjaldk., Aðalsteinn Arnarsson meðstj. Sigurður Hjaltason og Vigfús Ingi Hauksson varastj.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi: Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birgir Sigurjónsson gjaldk., Óskar Ingi Böðvarsson meðstj., Steinar Guðjónsson og Helgi Guðmundsson varastj.

Stjórn Rafiðnaðarfélags Suðurnesja: Georg Georgsson form., Haraldur Arnbjörnsson varaform. Trausti Gíslason gjaldk. Arnar Arnoddsson ritari, Helgi Hilmarsson meðstj.

Stjórn Félags sýningarstjóra við kvikmyndahús: Einar Ág. Kristinsson form., Heiðar Friðjónsson ritari, Þröstur Árnason gjaldk. Atli Már Sigurjónsson og Rúnar Brynjólfsson meðstj.

Stjórn Tækniþólks í rafiðnaði: Jakob Tryggvason form. Hafliði Sívertsen varaform., Geir Magnússon ritari, Páll Sveinn Guðmundsson gjaldk., og Sigurjón Ólason meðstj. Kolbrún Kristjánsdóttir varam.

Stjórn Félags símsmiða: Sigurgeir Ólafsson form., Sighvatur D Sighvatsson varaform., Viðar Már Þorsteinsson ritari, Bjarni Þór Ólafsson gjaldk., Sigurður L Björgvinsson og Sigurbjörn Eiríksson meðstj. Eyrún Baldursdóttir

Stjórn Félags nema í rafiðnum: Helgi Einarsson formaður, Hannes Páll Þórðarson varaformaður, Svanborg Hilmarisdóttir gjaldkeri, Rúnar S. Sigurjónsson ritari.

Mennta- og fræðslunefndir kjörnar á ársfundum

Sveinsprófsnefnd sterkstraum: Sigurður Sigurðsson form, Einar Ragnarsson, Stefán Sveinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraum: Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

Menntasjóður rafiðnaðarins: Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson. Varam. Sigurgeir Ólafsson

Eftirmenntunarn; veikstraumur, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tækniþólks. Aðalmenn: Ólafur Ragnarsson, Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson Vala Dröfn Hauksdóttir. Varamenn: Davíð E. Sigmundsson Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen og Andri Jóhannsson

Eftirmenntunarn; sterkstraumur, Rafvirkjar- Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. Aðalmenn: Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson. Varamenn: Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans: Ásvaldur Kristinsson. Björn Ág. Sigurjónsson. Anna Melsted, varam.

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins: Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson.

Starfsgreinaráð rafiðnaðarins: aðalmenn; Svanborg Hilmarisdóttir, rafvirki, Sigurður L. Björgvinsson, símsmiður, Helgi B. Þorvaldsson, rafveituv. Varamenn: Þórunn Stefanía Jónsdóttir, rafeindav., Jakob Tryggvason, tækni-menn, Stefán Sveinsson, Rafiðnaðarskólinn.

Skipun fastanefnda ASÍ af hálfu RSÍ

Miðstjórn ASÍ: Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson

Lífeyrisnefnd ASÍ: Guðmundur Gunnarsson, til vara Andri Jóhannesson

Alþjóðanefnd: Helgi Jónsson til vara: Björn Eysteinnsson

Umhverfisnefnd: Guðmundur Gunnarsson form., Þorstein Úlfar Björnsson
til vara Björn Eysteinnsson

Arvinnumálanefnd: Borgþór Hjörvarsson, til vara: Björn Eysteinnsson

Velferðarnefnd: Ísleifur Tómasson, til vara: Ómar Baldursson

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd: Ísleifur Tómasson, til vara: Jens Ragnarsson

Mennta- og útbreiðslunefnd: Stefán Ó Guðmundsson, til vara: Stefán Sveinsson

Kjara- og skattanefnd: Björn Ág. Sigurjónsson, til vara: Georg Georgsson

Skipulags- og starfsháttanefnd: Guðmundur Gunnarsson, til vara: Grétar Guðmundsson

Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd: Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara:
Þórunn S. Jónsdóttir

Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna: Björn Ág. Sigurjónsson

1. maí nefnd Reykjavíks: Ísleifur Tómasson

Listasafn ASÍ: Guðmundur Gunnarsson

Starfsendurhæfingarsjóður: Ísleifur Tómasson

Vísinda- og tækniráð: Þórunn S. Jónsdóttir

Félagsdómur: Valgeir Jónasson, til vara: Bjarni Sigfússon

Starfsmenntaráð Félagsmálaráðuneytis: Guðmundur Gunnarsson

Stjórn Einarstaða: Björn Ág Sigurjónsson

Stjórn Flókalundar: Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Ljósheima: Björn Ág. Sigurjónsson

Stjórn Ölfusborga: Ísleifur Tómasson

Félagsmenn

Félag	2009	óvirkir	2008	óvirkir	2007	2006	2005	2004	2003
Fél. nema	68		136		318	329	308	332	264
Fél. símsm.	162	3	175	5	201	223	205	216	214
Rafv. N.land	169	13	180	17	188	175	172	186	175
Fél. ísl. rafv.	1.344	167	1.547	146	1.665	1.389	1.358	1.496	1.552
Rafeindav.	693	45	756	29	967	845	783	839	834
Fél. raf. Suðl.	101	5	109	11	136	110	105	120	113
Fél. tæknif.	861	212	1.576	18	907	567	449	464	464
Raf. Suðurn.	85	15	103	10	130	126	100	118	102
Fél. ísl. símam.	691	134	906	236	1.056	912	892	899	1006
Fél. sýn.stj.	29	1	27	7	34	35	35	40	36
Samtals	4.203	595	5.515	479	5.602	4.711	3.515	4.710	4.539

Félagatalið er leiðrétt 2005, fram að þeim tíma voru allnokkrir tvítaldir sakir þess að þeir voru í fleiri en einu aðildarfélagi, sem kom til ef menn voru að skipta um vinnustaði. Frá 2005 ræður sá tími sem er lengstur. Einnig blasa hér við afleiðingar ástands á vinnumarkaði. Rúmlega 300 erlendir rafíðnaðarmenn fóru af landi brott og um 100 íslenskir. Um það bil 400 rafíðnaðarmenn fóru í nám eða önnur störf.

Félagatalið er leiðrétt 2005, fram að þeim tíma voru allnokkrir tvítaldir sakir þess að þeir voru í fleiri en einu aðildarfélagi, sem kom til ef menn voru að skipta um vinnustaði. Frá 2005 ræður sá tími sem er lengstur. Einnig blasa hér við á afleiðingar ástands á vinnumarkaði. Rúmlega 300 erlendir rafíðnaðarmenn fóru af landi brott og um 100 íslenskir. Um það bil 400 rafíðnaðarmenn fóru í nám eða í önnur störf.

Erlendir félagsmenn

Í RSÍ voru um síðasta ár 123 erlendir félagsmenn frá 28 löndum og fjölgaði um 76. Ástæða er að halda því til haga að þessar skráningartölur segja ekkert til um hversu lengi viðkomandi hefur verið hér, einungis að hann var á skrá einhvern tíma ársins. Flestir frá Póllandi eða 32, frá Þýskalandi 11, Júgóslavíu 10, Danmörku 9, Bandaríkjunum 9, Portúgal 8, Litháen 7, Bretlandi 5, Rússlandi 4, Úkraníu 3, Noregi 3, Svíþjóð 2, Finnland 2, Thailand 2, Búlgaría 2. Frá öðrum löndum er 1 frá hverju. Erlendir rafíðnaðarmenn voru flestir 2007 og 2008 eða um 450.

Ekki hafa verið vandræði í samskiptum við þessa menn og í vaxandi mæli leita þeir af fyrra bragði til RSÍ með að fá leiðréttingu sinna mála. Það eru tiltölulega fá fyrirtæki sem ítrekað eru staðin af því að halda þessum iðnaðarmönnum á lægstu verkamannatöxtum, en selja þá út sem iðnaðarmenn. Einnig fylgir lélegur aðbúnaður sömu fyrirtækjum.

Atvinnuleysi



Atvinnuleysi hefur verið langmest á höfuðborgarsvæðinu, í öðrum landshlutum hafa einungis verið einn til tveir rafiðnaðarmenn verið án atvinnu. Þessi staða er vel þekkt, enda hefur það ætíð verið þannig að ef ekki er vinnu að hafa út á landi þá hafa menn flutt á höfuðborgarsvæðið.

Fyrir Hrun hafði í allmörg ár nánast ekkert atvinnuleysi verið í rafiðnað, þrátt fyrir að erlendir rafiðnaðarmenn hefðu verið nálægt 400 hér á landi þegar flest var. Í nóvember 2008 eru svo skyndilega komnir 62 á atvinnuleysiskrá, það jókst síðan jafnt og þétt upp í 341, en fór svo lækkandi niður í liðlega 200 í júní 2009 og hefur staðið þar síðan. Fyrir þessu eru tvær meginástæður, mjög margir rafiðnaðarmenn hurfu frá námi þegar þenslan var hér í hámarki, en fóru síðan aftur til náms þegar atvinna minnkaði auk þess að margir hafa farið í framhaldsnám, ætla má að um 400 hundruð hafi farið af vinnumarkaðinum vegna þessa. Einnig hafa nokkrir farið erlendis, en erfitt að finna þessa tölu nákvæmlega en þeir gætu verið um 100. Þetta sést í því að skráðum félagsmönnum hefur fækkaði um 1.000 síðasta ár.

Sambandið studdi atvinnulausa félagsmenn með ýmsum hætti, greiddir voru út námskeiðstyrkir fyrir rúmlega 5 millj. kr. til atvinnuklausra á árinu. Líkamsræktarstyrkir jukust um 6 millj. kr. árinu og sjúkradagpeningar um 12 millj. kr. Einnig var umtalsverðum upphæðum varið til atvinnuskapandi verkefna.

Yfirlit yfir atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna frá Hruni:

	Nóv 08	Jan 09	Ap 09	Nóv 09	Jan 10	Feb 10	Mars 10
Rafvirkar	31	38	124	63	63	70	81
Rafeindav.	7	20	43	83	32	35	29
Símsmiðir	2	5	5	4	5	4	6
Tæknifólk	18	53	157	95	88	103	95
Raf.nemar	4	4	12	7	7	7	5
Samtals	62	123	341	205	195	219	220



Starfsemin

Helstu kennitölur úr bókhaldi.

Félagsgjald til sjóða RSÍ árið 2009 nam alls kr. 197.7 millj. kr. og lækkar um 3 millj. kr. milli ára, eða um 2%, sem vekur upp pælingar á launaþróun rafíðnaðarmanna, sé litið til fækkunar félagsmanna milli ára. Félagsgjaldið skiptist í samræmi við ákvörðun sambandsstjórnar þannig: Hlutur aðildarféлага 35% - Sambandið 44% - Styrktarsjóður 1% - Orlofssjóður 14% - Menningarsjóður 6%.

Heildarrekkstrargjöld sambandsins 2009 voru 449 millj. kr., en tekjur um 401 millj. kr. fjármagnstekjur voru 103 millj. kr. þannig að rekstrarafgangur var um 55.5 millj. kr. Með þessu er ljóst að rekstraráætlanir stóðust í meginatriðum. Reiknað var með rekstrarhalla vegna tekjutaps og um leið aukinna útgjalda vegna stöðu á vinnumarkaði.

Tekjur styrktarsjóðs árið 2009 voru liðlega kr. 184.2 millj. kr. og lækka um 8 millj. kr. frá 2008, eða um 4%. Auk þess rann til sjóðsins um 1.9 millj. kr. af félagsgjaldi. Alls fengu 91 félagsmenn greidda út sjúkradagpeninga á árinu og meðaltal greiðslna nam rétt liðlega einni millj. kr. á mann. Í heild fengu 1.631 félagsmenn greidda styrki á síðasta ári. Eign Styrktarsjóðs er um 908. millj. kr.

Orlofsgjald var 75.6 millj. kr. árið 2009, þar af rann til sjóðsins af félagsgjaldi 27.7 millj. kr. Leigutekjur hafa hækkað, voru árið 2008 kr. 35.1 millj.kr. en á síðasta ári 37.8 millj. kr.. Tekjur af tjaldsvæði hækkuðu milli árana 2007 og 2008 um 24% og halda áfram að hækka eða úr 4.4 millj. kr. árið 2008 í 6.5. millj. kr. árið 2009 eða um 45% og hafa þá nær tvöfaldast á tveimur sumrum. Í fyrra vóg mest fjölgun gesta á síðasta sumri vegna stækkana á tjaldsvæðum auk þess að mun meira var um langtímadvalir á svæðinu, en árið þar á undan var það rafvæðingin sem skilaði inn mestu tekjuaukningunni. Á undanförunum árum hefur rými á tjaldsvæði verið stækkað úr um 130 plássum í 250 pláss. Bókfærð eign Orlofssjóðs er um 502. millj. kr.

Heildarbókfærðar eignir eru um 1.7 mia kr. En þess má geta að bókfærðar fasteignir eru 676 millj. kr., brunabótamat fasteigna sambandsins eru 1.7 mia kr. þar af eru eru orlofseignir um helmingur og hinn helmingur eru að mestu fasteignir við Stórhöfða. Að teknu tilliti til þessa eru heildareignir sambandsins það eru sjóðir og fasteignir samtals um 2.8 mia. kr.

Skrifstofan

Starfsemi skrifstofunnar er margþætt hún snýst ekki einvörðungu um kjarasamninga eins og allnokkrir virðast telja, lögð hefur verið á það áhersla undanfarið ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafíðnaðarmanna frekar en að líta á það sem skyldu.

Á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg aukning á því að félagsmenn nýti sér þá þjónustu og tryggingu sem aðild að sambandinu

veitir. Einnig er nýting í orlofskerfinu mjög góð og kallar á mikla vinnu starfsmanna. Margskonar ráðgjöf er veitt ekki einungis hvað varðar túlkun á kjarasamningum heldur einnig ráðningarsamninga, samskipti á vinnumarkaði, réttindi gagnvart almenna tryggingakerfinu og tryggingarfélögum og þannig mætti lengi telja.

Starfsmenn RSÍ

Guðmundur Gunnarsson form. Framkvæmdastjórn á skrifstofu. Kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf og norræn samskipti og umsjón skrifstofu. Björn Ágúst Sigurjónsson samskipti við vinnustaði, umsjón orlofs húsa, umsjón kjarasamninga við stórkaupmenn og almenna samning. Björn Eysteinnsson samskipti við vinnustaði, umsjón rikissamnings og samninga við fjarskiptafyrirtækin. Birna Birgisdóttir bókhald. Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, sér um styrktarsjóð og umsjón orlofsleigu. Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, umsjón kjarasamninga við orkufyrirtækin. Svava Skúladóttir, sjúkrasjóður og skráningar í orlofskerfið. Sigurður Steinarsson er í hlutastarfi, sinnir eftirliti á vinnumarkaðinum, hefur umsjón með íbúðunum í Reykjavík og með tjaldvögnunum. Sæmundur Hrólffson umsjón og eftirlit orlofshúsa. Auk þess er Þorsteinn Úlfar Björnsson að hluta í starfi hjá sambandinu og að hluta til hjá Félagi tæknifólks.



Flutningur í Stórhöfða 27, breytingar á eignarhaldi í Skeifunni og á Stórhöfða

Síðasta vor var fest kaup á jarðhæð, götuhæð og 3. hæð hússins við Stórhöfða 27 að mestu fjármagnað með makaskiptum á eigninni í Skeifunni 11. Lífeyrissjóðurinn þarfnadist meira rýmis í Stórhöfða 31 því var ákveðið að hann fengi allt skrifstofurýmið á jarðhæðinni en flytja þá skrifstofur sem fyrir voru út í Stórhöfða 27. Með auknu rými í Stórhöfða 27 sköpuðust möguleikar um að láta eldri ákvarðanir verða að veruleika og ráða lögmann og starfsendurhæfingarráðgjafa.



Fyrir lá fyrir gríðarlega mikið viðhald á Skeifunni 11 þar sem Rafiðnaðarskólinn hefur haft aðsetur þar frá 1986. Unnið var að endurbótum á húsnaðinu í Stórhöfða 27 síðasta sumar og það tekið að mestu leiti í notkun í september og fluttu Ákvæðisvinnustofan, Fræðsluskrifstofan og Mjólkurfræðingafélagið skrifstofur sínar þangað í haust.

Rafiðnaðarskólinn flutti starfsemi sína alfarið um áramótin úr Skeifunni. Í sumar verður jarðhæðin afhent og verður unnið að endurbótum þar í sumar. Þá er ætlunin að flytja sveinsprófsbásana úr hvelfingunni á Stórhöfða 31. Enda eru umsvif orlofskerfisins og tjaldvagnaleigunnar orðin það mikill að þörf er á rýmra húsnaði. Einnig var keyptur hluti af eign Matvís í hvelfingunni. Það var að mestu fjármagnað með sölu á hluta sambandsins í skrifstofurýminu á jarðhæðinni til lífeyrissjóðsins.

Lögfræðingur

Síðasta haust var fastráðinn lögfræðingur í samvinnu RSÍ, Matvís og lífeyr-

issjóðsins. Sambandið er með samninga við Löggarð og Láru V. Júlíusdóttir. Það hefur staðið til um nokkurn tíma að ráða lögmann, og vegna stöðunnar í þjóðfélaginu var mikil þörf á lögfræðilegri ráðgjöf og aðstoð við félagsmenn og ráðinn lögmaður á skrifstofuna. Á móti sparast mikill útgjöld við það að kaupa álit og aðstoð frá lögfræðistofum. Félagsmenn hafa tekið þessari nýjung vel og nýtt hana vel. Einnig er þetta góð aðstoð við starfsmenn sem eru í betri stöðu til þess að taka afstöðu til mála og svara með beinskeyttari hætti. Halldór Oddsson var ráðinn, hann lauk meistaraþrófi frá lagadeild Háskóla Íslands vorið 2009. Hann starfaði samhliða námi m.a. hjá Héraðsdómi Norðurlands Eystra og Neytendasamtökunum, ásamt því að sinna aðstoðarkennslu við háskólann á seinni stigum námsins.



Starfsendurhæfingarráðgjafi

Síðasta haust var ráðinn starfsendurhæfingarráðgjafi í samstarfi við Virk, starfsendurhæfingarsjóð. Til starfans var ráðinn Sigrún Sigurðardóttir. Í fyrstu var Sigrún í hálfu starfi hér og hálfu hjá Samiðn, en fljótlega eftir ráðningu hennar sýndi að mikil þörf var fyrir þessa aðstoð fyrir félagsmenn og var hún ráðinn í fullt starf fyrir stéttarfélagin hér í Stórhöfðanum um áramótin.

Í kjarasamningum 2008 var samið um að greiða 0,13% í starfsendurhæfingarsjóð. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða fólk sem lendir í langvinnri fjarveru frá vinnu vegna veikinda eða slysa. Hlutverk ráðgjafa er að bjóða félagsmönnum upp á þjónustu ef starfshæfni þeirra er skert eða henni er ógnað vegna veikinda eða heilsubreysts.



Rauði þráðurinn er að efla virkni einstaklingsins, auka vinnugetu og varðveita vinnusamband hans til að koma í veg fyrir að hann detti út af vinnumarkaðnum. Þegar einstaklingur sækir um í sjúkrasjóð er honum boðið að koma í viðtal til ráðgjafa. Ráðgjafaferlið fer síðan eftir þörfum og væntingum hvers og eins. En markmiðið er að efla færni og vinnugetu til að draga úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. Lykilatriði í því sambandi er aukin virkni einstaklingsins, efling endurhæfingar og annarra úrræða.

Virkni einstaklingsins sjálfs er lykilatriði í þessu sambandi, að hann sé sjálfur virkur í að auka vinnufærni sína og viðhalda vinnusambandinu. Ráðgjafinn er síðan sá aðili sem hvetur einstaklinginn til virkni og veitir stuðning og upplýsingar. Veikindaréttur fólks er mismunandi langur og því getur fólk hafa verið frá vinnu vegna veikinda í langan tíma áður en það fær aðstoð frá sjúkrasjóði. Það er því mikilvægt að hafa í huga að þegar félagsmaður á orðið erfitt með að sinna starfi sínu vegna heilsubreysts þá getur hann sett sig í samband við ráðgjafa. Skilyrði fyrir aðstoð er ekki að viðkomandi njóti aðstoðar sjúkrasjóðs.

Félagsmenn geta óskað eftir viðtali við ráðgjafa þótt þeir njóti enn launa-greiðslna frá atvinnurekanda eða eru jafnvel ennþá í vinnu en farnir að finna fyrir skertri starfsgetu. Að sama skapi geta atvinnurekendur leitað til

ráðgjafa ef þeir hafa áhyggjur af því að starfsmaður þeirra sé farinn að finna fyrir skertri starfsgetu. Þess ber að geta að samstarf er lykilþáttur í vinnu af þessu tagi þar sem aðkoma allra sem að máli koma skiptir máli.



Ákvæðisvinnustofa rafiðnaðar.

Starfsmaður stofunnar er Ólafur Sigurðsson. Starfsemi stofunnar byggist að mestu á umsjón og endurnýjun ákvæðisvinnutaxtans. Starfsmaðurinn aðstoðar við endurmat á kostnaði í verkum, rísi upp deilur. Auk þess að taxtinn mikið notaður af verkfræðistofum og fyrirtækjum við verkáætlanir.



Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarinnar

Starfsmenn eru Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námssamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánú samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

Samstarf við Leonardo

Undanfarin ár hefur Fræðsluskrifstofan þ.e. Stefán Ó og Ísleifur Tómasson unnið að nemaskiptum í samráði við Dani og Svía með styrkjum frá Leonardo, þar hefur Rafiðnaðarsambandið einnig komið að og stutt þetta verkefni veglega. Verkefni þetta var valið besta mannskriptaverkefnið á árunum 2005 og 2006. Alls hafa 4 einstaklingar farið erlendis í starfsþjálfun og nú þegar þessi skýrsla kemur út er stúlka í starfsþjálfun hjá Vattenfall kjarnorkuverinu í Svíþjóð. Sótt hefur verið um styrki fyrir fjóra nema í rafvirkjun á næstu tveimur árum.

Raunfærnimat

Frá árinu 2007 hefur verið haldið raunfærnimat í rafiðngreinum. Þar hafa þeir rafiðnaðarnemar sem að einhverjum ástæðum hafa flosnað úr námi á árum áður, en verið að vinna í faginu í mörg ár, gefist kostur á að fara í einskonar stöðupróf og fá þá þekkingu metna sem þeir hafa aflað sér í vinnunni.

2009 tóku 33 þátt í raunfærnimati í rafiðngreinum. Stóðust þátttakendur mat í 185 áföngum upp á 430 einingar. Stóðust þátttakendur að jafnaði 7 af hverjum 10 áföngum sem þeir fóru í.

Fyrir mjög marga þátttakendur hefur raunfærnimatið verið mikil lyftistöng til að hefja nám aftur og hefur fjöldi þeirra komið í sveinspróf undanfarin misseri. Gaman er að geta þess að einn af þessum mönnum fékk verðlaun fyrir bestan árangur í verklegum hluta sveinsprófs í febrúar 2010.

Rafbókasafnið

Þar eru samtök rafiðnaðarmanna að setja upp allar kennslubækur í raf-

greinum allt frá eðlis- og efnafræðikennslu í grunnskóla í gegnum námsbrautir í framhaldskólum og öllum rafiðnaðargreinum í verknámskólum upp í Tækniháskóla. Þessar bækur eru öllum rafiðnaðarnemum aðgengilegar án endurgjalds. Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins gerði samning við dönsku rafiðnaðarskrifstofuna um aðgang að öllum dönsku bókunum sem eru ákaflega vandaðar og hafa allnokkuð verið nýttar hér á landi.

Það ástand hefur ríkt á þessum markaði að kennarar hafa nýtt sér það efni sem þeim hentar, sem hefur leitt til þess að kennsla milli þeirra verknámskóla sem eru með rafiðnaðarbrautir eru ákaflega mismunandi jafnvel þó um sömu áfanga sé að ræða. Þetta hefur valdið rafiðnaðarnemum miklum erfiðleikum vilji þeir skipta um skóla og eins mismunandi stöðu þegar til sveinsprófa og lokaprófa kemur. Sum þessara hefta eru víðsfjarri því að vera boðleg, en eru þó sett sem skilyrði fyrir námi í viðkomandi áfanga og seld til nema.

Í sumum tilfellum hafa einstaklingar stolið úr þeim búta og gefið út í eigin nafni og selt sjálfum sér til hagsbóta. Nú þegar eru allar bækurnar komnar inn á www.rafbok.is dönsku og þegar búið að þýða allnokkrar þeirra á íslensku og unnið að því jafnt og þétt og klára það verkefni. Allnokkrir kennarar eru þegar farnir að nýta sér þetta og mikil ánægja meðal nema. Því þetta er í raun fjárhagslegur stuðningur við rafiðnaðarnám í bókakaupum upp á annað hundrað þúsund króna. Rafiðnaðarsamband Ísland hefur styrkt þetta verkefni árlega um 2 millj. kr. og mun áfram styrkja þýðingar auk þess að leggja til netþjóna og annað hvað varðar netþjónustu.

Safnið var tilnefnt til Starfsmenntaverðlaunanna árið 2009, en hlaut þau ekki.

Rafiðnaðarskólinn

Skólinn er rekinn í góðu samstarfi RSÍ og SART. Rafgreinar eru umfram aðrar háðar öflugri símenntun, og hvergi er það eins áberandi að geta starfsmanna stendur undir stöðu fyrirtækja í rafiðnaði, það er forsenda mikils samstarfs fyrirtækja og starfsmanna um öfluga símenntun. Samfara aukinni tækniþróun hefur starfsmenntun orðið hryggbeinið í kjarabaráttu rafiðnaðarmanna og ekki síður trygging fyrir starfsstöðu á vinnumarkaði. Meirihluti eftirmenntunargjaldsins rennur til reksturs skólans auk þess að renna til þróunar á nýjum námskeiðum og endurnýjun eldri námskeið og um leið kennslutækja.

Þeir félagsmenn sem greitt er af í eftirmenntunarsjóð fá allt að 67% afslátt af námskeiðsgjöldum. Að þessu leiti sker eftirmenntunarsjóður rafiðnaðarmanna sig algjörlega frá öðrum starfsmenntasjóðum verkalýðshreyfingarinnar, aðrir sjóðir starfa ekki við þróun námskeiða og stefnumarkandi þróun samfara tækniþróun. Þarna fara hagsmunir fyrirtækjanna algjörlega saman við hagsmunum starfsmanna og skýrir vel mikið samstarf SART og RSÍ



um rekstur menntakerfisins, fyrirtækið nær ekki til sín verkefnum sé ekki til staðar þekking í röðum starfsmanna til þess að takast á við þau.

RSÍ og aðildarfélög studdu starf skólans á liðnu starfsári eins og oft áður, nú með því að greiða rekstrarstyrk 3 mánuði ársins, auk þess að samtök rafiðnaðarmanna eiga það húsnæði sem skólinn er í og nýtur hann velvildar í leigukjörum. Aðildarfélög RSÍ hafa einnig stutt skólann árlega með myndarlegum gjöfum til kennslutækjakaupa. Um áramótin flutti Rafiðnaðarskólinn á Stórhöfða 27. Er skólinn fluttur inn á 3. hæðina auk aðstöðu á þeirri fyrstu, en fær alla 1. hæðina nú í sumar, og verður þá hafist handa við að innrétta hana að þörfum skólans.



Keppendur á Íslandsmóti iðngreina í Smáralind í vetur

Íslandsmót iðngreina

Mótið var haldið 18. og 19. marz í Smáralind. Keppendur í rafvirkjun voru 9 frá 5 skólum. Keppt var í tvo daga, eitt verkefni hvorn dag. Dómnefnd sem skipuðu Stefán Sveinsson, Ísleifur Tómasson og Stefán Ó. Guðmundsson fór yfir verkefnið og verðlaun voru afhent í lok keppni. Í fyrsta sæti varð keppandi frá Tækniskólanum, Þóra Björk Samúelsdóttir, í öðru sæti Andri Már Þorvarðarson frá Fjölbautarskóla Suðurnesja og í þriðja sæti Arnar Helgi Ágústsson frá Verkmenntaskóla Akureyrar. Mikil ánægja er með keppnina og hvernig til tókst. Alls voru keppendur í 16 iðngreinum 124 samtals. Íslandsmótið er líklega komið til að vera og strax kominn umræða um næsta mót sem verður 2012.

Heimskeppni iðngreina

World Skills var að þessu sinni haldin í Calgary í Kanada. Keppnin er haldin á tveggja ára fresti og núna kepptu um 950 keppendur í 45 greinum. Um 200 þúsund manns komu á keppnina þá 4 daga sem hún stóð.

Frá Íslandi fór að þessu sinni keppendur í rafvirkjun, hárgreiðslu og pípu-lögnum. Þetta er í fyrsta sinn sem keppendi í rafvirkjun fer á World Skills. Keppandinn í rafvirkjun Stefán Ingi Ingvarsson frá Iðnskólanum í Hafnarfirði keppti þarna í 4 daga ásamt 31 öðrum. Honum gekk bara nokkuð vel, en lenti í 26 sæti af þessum 32 fyrst og fremst vegna þess að hann náði ekki að spennusetja stærsta verkefnið og þar missti hann af mörgum stigum. En þeir sem að þessu verkefni komu er ánægðir með það og það lærðist margt sem nýtist til dæmis vegna Íslandsmóts. Kostnaður var nokkur, aðallega vegna fjarlægðar til Calgary. Næsta World Skills mót verður í London í nóvember 2011.



Íslenski keppandinn á WorldSkills, heimsmeistaramóti iðngreina í Kanada í fyrrahaust

Heiðursverðlaun Iðnaðarmannafélags Reykjavíkur

Verðlaunin voru afhent 6. febrúar í Ráðhúsi Reykjavíkur. Félagið hefur undanfarin ár heiðrað þá iðnnema sem hafa staðið sig afburðavel í námi og sveinspröfum. Rafiðnaðarmenn voru áberandi við athöfnina. Níu af nítján verðlaunum sem afhent voru hlutu rafiðnaðarmenn. Árni Páll Gíslason, rafvirki, Henry Hálfánarson, rafeindavirki, Karl Friðrik Karlsson, rafeindavirki, Kári Snær Valtigejer, rafvirki, Guðmundur Geir Guðmundsson, ra-

feindavirki, Haraldur Jónsson, rafvirki, Jón Heiðar Hannesson, rafvirki, Magni Rafn Jónsson, rafvirki og Þórarinn Gunnarsson, rafeindavirki.

Handbók um raflagnir bygginga IST-200 staðalinn.

Árið 2005 samþykktu aðildarfélög rafvirkja og RSÍ að styrkja útgáfu handbókar um þá væntanlegar IST-200 staðal, sem hefur áhrif á frágang raflagna bygginga. Þar er farið yfir reglugerðir og lög um frágang, efnisnotkun og verkferla. Þessi bók skiptir rafvirkja töluvert og nauðsynlegt að kynna það vel. Styrkur við verkefnið með 1,5 millj. kr. og sambandið og aðildarfélögin með stærstu aðilum sem styrktu þetta. Til stóð að bókin kæmi út á árinu 2006 en vinna við hana hefur tekið mikið lengri tíma en þá var gert ráð fyrir. Fyrir nokkrum árum var farið að keyra námskeið í meistarskólanum í Rafiðnaðarskólanum um nýja staðalinn. Þessi breyting hefur töluvert áhrif á störf rafvirkja og nauðsynlegt að kynna þær vel og líklegt að námskeið um staðalinn og handbókina þurfi. Það var svo nú í marz sem bókin kom út, en staðalinn sjálfur tók gildi frá 1. janúar 2009.



Fjölbrautarskólinn á Sauðárkrók 30 ára.

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra varð 30 ára í haust. Í því tilefni heim-sóttu rafiðnaðarmenn skólann og færðu rafiðnaðardeildinni forritanlegt hússtjórnarkerfi. Grunndeild rafiðna er rekinn í skólanum. Nú eru þar 20 nemendur, aðstaða er prýðileg, en starfsmenn skólans segja að niðurskurður hins opinbera til skólans bitni fyrst og þá um leið harðast á svigrúmi til tækjakaupa. Í tæknigrein eins og rafiðnaði þar þróun er hröð er grundvallaratriði að nemendur geti unnið við þann búnað sem í notkun rafiðnaðar-geiranum. Rafiðnaðarsambandið hefur áður stutt skólann með tækjagjöfum og sagði skólustjóri við þetta tilefni að það væru mikil verðmæti í því fölginn að samtök rafiðnaðarmanna sýndu skólanum þessa velvild.

Styrkir RSÍ til mannúðarmála.

Skrifstofu RSÍ berast fjölmargar beiðnir um að styrkja margskonar málefni og flest þeirra eru mjög þörf. Það leiddi til þess að sú ákvörðun var tekin á fyrri þingum RSÍ að veita frekar færri styrki og hafa þá myndarlega. Sambandsstjórn RSÍ ákvað að veita leikfélaginu „Grímu“ Sólheimum og íþróttafélag þroskaheftra og fatlaðra „Ösp“ 400 þúsund hvoru fyrir sig. Auk þess samþykkti miðstjórn að styrkja verkefni þar sem unnið er að því að hvetja karlmenn til þess að sækja reglulegar rannsóknir á blöðruháls- og ristilkrabbamein með því að kaupa 40 bækur af stuðningshópnum. Bækurnar voru síðan nýttar til jólagjafa á vegum sambandsins.



Guðmundur Gunnarsson og Haukur Ágústsson afhenda fulltrúum Grímu styrk RSÍ

Félagstarfið

Viðhorfskönnun á starfsemi RSÍ

Capacent var fengið til þess að gera Ímyndar og þjónustukönnun fyrir sambandið í marz 2010. Úrtak var dregið úr félagaskrá, í því voru 1.000 fullgildir félagsmenn. Svarhlutfall var 60,9%, sem telst gott miðað við það sem gengur og gerist í könnunum.

85% svarenda eru fastráðnir í fullu starfi, 10% lausráðnir eða verktakar og 4,3% atvinnulausir. Þessar tölur eru í fullu samræmi við það sem þekkt er úr innheimtukerfi sambandsins. 49,6% höfðu orðið fyrir launaskerðingu á árinu. 9,8% töldu sig búa við lítið starfsöryggi.


18,1% svarenda höfðu minna nám en iðnnám. 66% höfðu lokið iðnnámi þar af 19% meistaranámi. 16% höfðu lokið meira námi þar af 9% háskólanámi. Þetta er svipað hlutfall og í fyrri könnunum og er í samræmi við félagaskrá.



*Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með starfseni RSÍ?
Úr könnun Capacent*

Spurt var um hvort félagsmenn hefðu miklar eða litlar áhyggjur af fjárhagsstöðu heimili síns. 14,2 sögðust hafa mjög miklar áhyggjur og 25,8 frekar miklar. 15,2% hvorki né. Frekar litlar áhyggjur sögðust 21,8% hafa, en mjög litlar 11,1%. 12% sögðust engar áhyggjur hafa. Þeir sem höfðu þurft á sérstökum úrræðum að halda vegna lána voru 20,79%.

Spurt var um hvort fjölskyldan hefði dregið úr útgjöldum. Já sögðu 77,3% og allir þeirra sögðust hafa dregið úr útgjöldum til ferðalaga. Til heimilistækjakaupa og faratækja höfðu 68,5% minnkað útgjöld. Í tómtundir og skemmtanir 64%. Til eldsneytiskaupa 58%. Til matarinnkaupa 52%. Vegna heilbrigðisþjónustu 16,5% og 9,8% sögðust ekkert hafa dregið úr útgjöldum.



*Halda áfram auknu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og ríkisins, stöðugleikasáttmáli.
Úr könnun Capacent*

Sambandið kom vel út úr spurningu um starfsemina. Þar voru 15% voru óánægðir. 63% ánægðir og 22% merktu við hvorki né. Samkvæmt nýlegri könnun sem gerð var af Miðlun yfir alla verkalyðshreyfinguna voru meðaltalstölur þar 52% ánægðir. Í þeirri könnun er RSÍ einnig með betri tölur en meðaltalið.


Spurt var um hvort RSÍ ætti að beita sér fyrir auknu samstarfi innan verkalyðshreyfingarinnar, sveitarfélaga og ríkisins, (Stöðugleikasáttmálann). 9,8% voru því ósammála. 77,3% voru því sammála og 12,9% hvorki né.

Spurt var um hvernig RSÍ hefði staðið sig í að gæta réttinda félagsmanna. Vel sögðu 52,6%. Hvorki vel eða illa 24,3% og illa sögðu 21,2%.

Spurt var um hvar RSÍ ætti helst að gera úrbætur. Þar sögðu 65,7% að sambandið ætti að beita sér frekar í kjaramálum. 17,3% í fræðslumálum. 12,3%

í tryggingarmálum, 8,1% nefndu önnur atriði en 17% sáu enga ástæðu til þess að breyta áherslum.

Einungis 28% nýttu sér ekki það sem er í boði er í starfsemi sambandsins, flestir starfsemi Styrktarsjóðsins eða 52%. Næst kom starfsemi orlofsjóðs eða 42%. Námskeið Rafiðnaðarskólans og námskeiðstyrki nýttu sér 18%. Það voru 11% félagsmanna sem þurftu á sérstakri hjálp að halda vegna kjara- og lögfræðimála.



Hlutfall félaga sem hafa nýtt sér þjónustu sambandsins síðustu 12 mána. Úr könnun Capacent

Miðstjórn

Miðstjórn kemur saman einu sinni í mánaði, yfir vetrarmánuðina og heldur að jafnaði um 9 fundi á ári. Miðstjórn hittist auk þess í tengslum við Trúnaðarmannaráðstefnu og Sambandsstjórnarfund. Þess utan hittist framkvæmdastjórn þegar þörf er á, en hún nýtir mikið samskiptatæknina til þess að taka afstöðu í hinum mikla hraða sem við búum við í dag. Fundargerðir og skýrslur miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, orlofsnefnd, laganefnd og launanefnd.

Miðstjórn fer með æðsta vald milli þinga og vinnur rekstrar- og framkvæmdaáætlanir sem lagðar eru fyrir Trúnaðarráðstefnu og Sambandsstjórn og ber ábyrgð á því að leggja fram reikninga og bókhald. Frá Hrúni hafa stjórnarmenn RSI í lífeyrissjóðnum auk framkvæmdastjóra verið á mörgum fundum miðstjórnar, auk allra stærri fundum og félagsfundum. Þeir hafa farið yfir stöðu sjóðsins á hverjum tíma og settið fyrir svörum um fjárfestingar sjóðsins. Auk þess hafa forseti ASÍ og hagfræðingur verið á nokkrum fundum miðstjórnar, á trúnaðarráðstefnu og öðrum fundum þar sem fjallað hefur verið um stöðu hverju sinni. Miðstjórn hefur lagt mikið upp úr að afla ítarlegra upplýsinga um aðdraganda Hrúnsins og fylgjast vel með viðspyrnu gagnvart afleiðingum.

Ályktun um meistaranám.

Það hefur verið stefna rafiðnaðarmanna um langt tímabil að meistaranám í rafiðnaðargreinum verði ekki eyland, heldur tengt framhaldsnámi í rafgreinum þá helst rafiðnfræði og geti þar af leiðandi nýst að fullu sem undanfari tæknifræðináms. Í því sambandi má minna á að það fóru fram viðræður upp úr 2000 milli rafiðnaðargeirans og menntamálaráðuneytisins um samtengingu þáverandi Tækniskóla við Rafiðnaðarskólann.

Í þessu sambandi má einnig benda á að eftir að iðnfræðingsnám var flutt í Háskóla Reykjavíkur hafa rafiðnaðarmenn sótt verklegt nám í Rafiðnaðarskólann.

Það er mat RSI að í nýrri reglugerð um meistaranám verði að uppfylla eftirfarandi grundvallarskilyrði:

- Að inntökuskilyrði í meistaranám í rafiðngreinum verði, að nemandi hafi lokið sveinsprófi í rafiðngrein.

- Að tryggt verði að fagtengdi hluti meistaranámsins verði ekki skertur frá því sem nú er. Miðstjórn tekur undir álit fræðsluráðs rafiðna að hann verði frekar aukinn frá því sem nú er.
- Að meistaranám í rafiðngreinum verði samtengt námi í rafmagns-iðnfræði, enda verði námið að mestu leiti á 4. þrepi samkvæmt tillögum ráðuneytisins.
- Að tryggt sé að nemendur geti ekki leyst til sín meistarábréf nema að hafa lokið námi bæði í faghluta og almennahluta meistaranámsins. (samkv. 10 gr. iðnaðarlaga 42/1978)

Þessi sjónarmið hafa komið fram í fyrri samþykktum samtaka rafiðnaðarmanna og er eindreginn vilji í rafiðnaðargeiranum að þeirri stefnu verði fylgt.

Ályktun um breytingu á lögum um framhaldsskóla.

Ályktun um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla. Á undanförunum árum hefur markvisst verið dregið úr fjárframlögum til verknáms. Það hefur verið gert með því að hækka hópviðmið í faglegum áföngum á verknámsbrautum í reiknilíkana Menntamálaráðuneytisins. Þessi niðurskurður bitnar harðast á verknámsskólum landsbyggðinni. Rekstrarlegur grundvöllur fyrir margar verknámsbrautir eru brostnar í verknámsskólum þá sérstaklega skólum utan höfuðborgarsvæðisins. Þessar hópstærðir ganga í bóklegum áföngum.

Nú er lagt fram frumvarp um efnisgjöld fyrir nema á starfsnámbrautum og þeim gert að greiða vegna faglegra áfanga um 50 þús. kr. umfram það sem nemar á bóklegum brautum þurfa að greiða. Sem leiðir vitanlega til þess að efnalitlar fjölskyldur veigra sér við að senda börn sín í verknám.

Undanfarna áratugi hefur umræðan um framhaldsskólann snúist um veika stöðu starfsnáms gagnvart bóknámi. Margar ráðstefnur hafa verið haldnar og lærð sjónarmið sett fram, en lítið hefur miðað. Mikið ójafnvægi er milli aðsóknar í bóknám og starfsnám. Þetta er reyndar ekki séríslenskt staða, hún er þekkt víða.

Athygli hefur vakið hvernig Finnar hafa tekið á þessu máli og hvernig þeim hefur tekist að brúa þetta bil, að því virðist á svo einfaldan og augljósan hátt með því að afnema á aðgreiningu starfsmennta- og bóknámsbrauta, endurskilgreina á stúdentsprófið og færa starfsnám upp, gera það jafnrétt hátt undir höfði til framhaldsnáms.

Hingað til hefur verklegt nám og fagleg reynsla ekki verið metin. Nemendur starfsmenntabrauta hafa orðið að ljúka mun fleiri einingum en nemendur bóklegra brauta. Skort hefur starfsmenntaáfanga innan bóknámsbrautanna. Tillögur sem hingað til hafa verið upp á borðum hafa margar hverjar helst snúist um að búa niður skipulagðar starfsmenntabrautir, sem hefur svo

leitt til þess að þeim sem ekki hafa lokið skipulögðu námi hefur fjölgað og er Ísland efst á lista hvað það varðar.

Pólítísk umræða um framhaldskólann hefur verið alltof lítil og byggst um of á úreltum gildum síðustu aldar. Gildum sem einkennast af því að gera starfsnámi enn lægra undir höfði, ekki verið áhugavekjandi í augum ungs fólks. Verknámsmenn hafa í mörg ár bent stjórnálmönnum á að sveigjanleiki og samkeppnisstaða atvinnulífsins sé undirstaða þess þjóðfélags sem við búum í núna. Tæknileg þekking og fagleg geta sé veigamesta undirstaða þessarar þróunar.

Margar brautir starfsmenntanáms eru mun arðsamari en vinsælar bóknámsbrautir og bjóða upp á mun meira atvinnuöryggi. Launajafnrétti þar er einnig mun meira, t.d. er ekkert launamisvægi milli kynja innan rafiðnaðargeirans, meðallaun rafiðnaðarkvenna eru töluvert hærri en í mörgum hinna klassísku háskólagreina.


Vinnufundur miðstjórnar

Miðstjórn heldur árlega einn vinnufund með starfsfólki. Þessir fundir eru föst regla í þjálfun forystu sambandsins, hann var að þessu sinni haldinn í Skógarnesi 26 – 27. marz. Anna Jóna Guðmundsdóttir sálfræðingur var fengin til þess að halda námskeið í „*Styrkleikum í starfi og jákvæðri sálfræði*“. Haraldur Jónsson þáverandi stjórnarformaður Stafa og Ólafur Sigurðsson framkv.stj. mættu einnig á fundinn og fjölluðu um afkomu og stöðu lífeyrissjóðsins vegna þess ástands sem nú ríkir í íslensku samfélagi.

Ályktun vinnufundar um atvinnumál

Miðstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands átelur harðlega það ábyrgðarleysi sem stjórnálmenn hafa sýnt undanfarið ár með þeim vinnubrögðum sem þeir hafa viðhaft. Alvarlegt ástand efnahags- og atvinnumála fer enn versnandi. Atvinnuleysi hefur aldrei mælst hærra og er að nálgast 20 þús. manns, þrátt fyrir að margir hafi horfið af vinnumarkaði og farið erlendis eða í nám. Allt bendir til að atvinnuleysi muni enn aukast, ef ekki verði gripið til öflugra varna. Leysa verður Icesave-deiluna og aðra óvissuþætti. Nýjar hagspár gera ráð fyrir of litlum hagvexti til þess að nógu mörg störf skapist til að það dragi úr atvinnuleysinu.

Miðstjórn RSÍ krefst þess að alþingismenn sýni meiri ábyrgð í störfum sínum og taki höndum saman um endurreisn efnahagskerfisins og setji hagsmunir þjóðarinnar í forgang. Alþingi verður að vinna traust þjóðarinnar á ný og taka upp ábyrg vinnubrögð. Nóg er komið af hráskinnaleik stjórnálmanna. Miðstjórn RSÍ krefst þess að ríkisstjórnarflokkar og stjórnarandstaða snúi bökum saman og hrindi efnahagsáætluninni í framkvæmd og gefi atvinnulífinu möguleika til þess að hún verði sá vegvísir út úr vanda kreppunnar sem til var ætlast.



*Hefur þú þurft sérstök úrræði í fjármálum?
Úr könnun Capacent*



Hlutfall starfsöryggis nú.
Úr könnun Capacent

Sveitafélög stöðva hvert verkefnið á fætur öðru með seinangangi og láta deiliskipulag standa í vegi framkvæmda, sem þegar eru á borðinu eins og mörg dæmi eru um. Þar má t.d. nefna ráðaleysi borgarstjórnar Reykjavíkur og stendur það því í vegi fyrir miklum byggingarframkvæmdum, eins og t.d. uppbyggingu stúdentagarða, sem eru fullfjármagnaðir og hafa verið tilbúnir til framkvæmda um nokkurt skeið.


Launþegar og verkalýðshreyfingin hefur þegar axlað sína ábyrgð á leið Íslands út úr vandanum. Það er löngu kominn tími til að hætta að brjóta niður og stöðva vænleg verkefni, brýnna er nú þegar að ryðja braut þeirra verkefna. Það þarf að endurheimta fyrra atvinnustig og lífskjör sem fyrst. Það er hægt með því að setja atvinnusköpun í forgang, sérstaklega með fjárfestingum og vexti í útflutningsgreinum.

Einungis ein leið er fær til þess að ná aftur sambærilegum kaupmætti og verja velferðarkerfið, það er að auka verðmætasköpun í landinu. Fram hafa komið hugmyndir um fjárfestingaverkefni upp á rúmlega 300 milljarða króna á ári næstu 3 árum. Orkutengd verkefni áttu að skila meira en 13 þúsund ársverkum og verkefni í einkafjármögnun um 3 þúsund ársverkum. Sprotafyrirtæki hafa verið að ráða fólk og benda réttilega á að með ákveðnari stuðningi sveitarstjórna og stjórnvalda væri hægt að ná mun lengra á þeim vettvangi. Það er ljóst að það mundi hafa veruleg áhrif á efnahagsframvindu næstu ára, takist að koma einhverjum hluta þessara framkvæmda af stað.

Miðstjórn RSÍ telur að lengra verði ekki gengið á þessari óheillabraut. Stjórnmalámennt eru með athöfnum sínum að stefna hagsmunum þúsunda heimila í óþarfa hættu og niðursveifla hagkerfisins verður mun dýpri og muni vara töluvert lengur en ástæður eru til.

Ályktun vinnufundar um Stöðugleikasáttmála.

SA hefur sagt sig frá Stöðugleikasáttmála og gengur þar erinda útgerðarmanna. Með þessu er verið að skapa upplausn í stjórnmalum og er hún þó ærin fyrir. Þetta virðist gert til þess eins að tryggja eignarhald fárra á kvótanum. Einstaklinga sem hafa skuldbetta þessa þjóðareign upp í topp og krefjast enn meiri forréttinda. Miðstjórn RSÍ fordæmir þessa ákvörðun og telur hana sýna mikið ábyrgðarleysi af hálfu SA, þar sem verið að gæta hagsmuna fárra á kostnað fjöldans.



Hvernig hefur RSÍ staðið sig í réttindagæslu félagsmanna sinna síðustu 12 mánuði?

Úr könnun Capacent

Stöðugleikasáttmálinn var forsenda þess að launamenn sættu sig við frestun umsaminnna launahækkana. SA hefur með ákvörðun sinni rofið þá sátt og rafiðnaðarmenn krefjast þess að þeirri launahækkun sem frestað var um síðustu áramót komi nú þegar til framkvæmda.

Launamenn hafa staðið við sitt og sýnt fulla ábyrgð og hafa þegar axlað sínar byrðar. Miðstjórn RSÍ felur fulltrúum rafiðnaðarmanna að koma þessum skilaboðum á framfæri við fyrirhugaðan formannafund aðildarféлага ASÍ 29. marz næstk.

Ályktun um arðgreiðslur.

Trúnaðarmannaráðstefna sambandsins samþykkti harðorða ályktun vegna ákvörðunar Orkuveitu Reykjavíkur um að greiða hluthöfum arð uppá kr. 800 milljónir. Mótmælt var þessum gjörning í því árferði sem nú er. Ekki síst vegna þess að stjórnin hafði áður ákveðið að lækka laun starfsmanna um kr. 400 milljónir kr. vegna slæmrar rekstrarstöðu. Einnig höfðu starfsmenn samþykkt að fresta umsömdum launahækkunum í mars vegna þess sama.

Félagsfundir.

Utan aðalfunda aðildarféлага fara flestir fundir fram á vegum RSÍ vegna sameiginlegra kjarasamninga og félagslegs rekstur. Minnkandi aðsókn á fundi er staðreynd sem öll félög horfast í augu við, en á síðasta bregður svo við að fundarsókn verður margföld á við það sem áður hafði þekkt og tæplega 1.000 félagsmenn sóttu fjölmarga félagsfundir á árinu. Bein samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn eru mun meiri en áður var í gegnum netið og einnig er ekkert mál að grípa upp GSM símann og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Skrifstofan fær fleiri tugi fyrirspurna á hverri viku um tölvu-póstinn og má segja að með vissu leiti stendur yfir félagsfundur alla daga vikunnar yfir netið.

Í marz voru haldnir félagsfundir m.a. vegna gerðar stöðugleikasáttmála á Akranesi, Ísafirði, Sauðárkrók, Akureyri, Selfoss, Reykjanesbæ, Reykjavík og Reyðarfirði. Auk þess voru fundir í rafíðnaðardeildum Verkmennaskólanna á Akranesi, Sauðárkrók, Akureyri, Selfoss, Reykjanesbæ, Hafnarfirði og skólunum í Reykjavík. Óvenjulega góð aðsókn var á fundunum og sóttu rúmlega 500 rafíðnaðarmenn fundina. Einnig voru haldnir vinnustaðafundir og félagsfundir í haust.

Í haust voru síðan haldnir 9 fundir á 6 stöðum. Þeir voru vel sóttir eða um 400 sóttu þá. Á fundunum var nýráðinn lögmaður sambandsins. Farið var yfir uppsagnir og aðilaskipti. Launakönnun, skattbreytingar, skipulag sambandsins og fleira. Umræður fjórlegar og góðar. Á öllum fundum var komið inn hvar hún væri þessi verkalýðshreyfing þar sem allt væri í hálofti og logandi í illdeilum og forysta einangruð-í Fílabeinsturni, eins og fjölmiðlar og spjallþáttastjórnendur með sínum uppáhaldsgestum eru sífellt að fjalla um. Sú væri ekki veröld kæmi ekki fram í félagsstarfi RSÍ.

Umræður voru beinskeyttar að venju en góð og eðlileg-mannleg samskipti og mikill hugur í mönnum gagnvart sínum stéttarfélögum, starfsmenntun og störfum. Fundarmenn vildu fá klára stefnu frá stjórnvöldum um hvernig við ætlum að vinna okkur upp úr þessum táradal og vildu leggja sitt af mörkum. Áfram Ísland og heilbrigðan fréttaflutning takk fyrir kom fram. Burt með þennan endalaus og neikvæða-niðurrifsspuna-fjölmiðlanna. Það er kominn tími til að þeir tengist-þjóðinni.

Trúnaðarmannaráðstefnan

Ráðstefnan var haldin á Selfoss dagana 13. – 14. okt. Ráðstefnuna sóttu um 90 trúnaðarmenn auk nokkurra gesta eða um 100 manns. Hún hófst með setningu formanns RSÍ. Þar á eftir ávörpuðu Iðnaðarráðherra Katrín Júlíusdóttir og forseti ASÍ Gylfi Arnbjörnsson ráðstefnuna. Sigrún Sigurðardóttir fjallaði um starfsemi starfsendurhæfingarsjóðs. Halldór Oddsson lögmaður RSÍ fjallaði um höfundarétt og skerðing atvinnuleitar við uppsögn. Seinni dagur hófst með erindum Páls Skúlasonar fyrrv. rektors Háskóla Íslands og Stefáns Einars Stefánssonar Háskólanum í Reykjavík og svöruðu þeir spurningunni; „*Hvað gerðist og hvert eigum við að stefna?*“

Á eftir var hópavinna og fjallað um framtíðarsýn rafiðnaðarmanna, þar voru miklar og fjörugar umræður og víða komið við. Fjölmiðlar voru harkalega gangrýndir fyrir óvönduð vinnubrögð. Þáttur þeirra í aðdraganda Hrunsins var mikill og getuleysi í efnislegri umfjöllun afar mikil. Umfjöllun þeirra beinist að neikvæðu niðurrifi og sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af starfsemi stéttarféлага alröng og einkennist af fullkomnu þekkingarleysi. Sifellt eru leiddir fram á sjónarsviðið þekktir fjölmiðlasæknir kverólantar og fram fer keppni í leðjuslag, en fjölmiðlar sinna í engu að kynna sér víðtæka starfsemi stéttarféлага. Sjaldan eru niðurstöður meirihluta kynntar og aldrei forsendur fyrir þeim.

Áberandi var í ávörpum og umræðum á ráðstefnunni harkaleg gagnrýni á stjórnmalamenn. Tengslaleysi þeirra við þjóðina og furðuleg viðbrögð þeirra þegar almenningur vill koma á framfæri vilja sínum um stefnumarkandi ákvarðanir. Andstaða þingmanna gangvart endurskoðun á stjórnarskrá og stjórnlagabing endurspeglar hræðslu þeirra að missa þau völd sem þeir hafa hrifsað til sín. Getu- og dugleysi stjórnmalamanna var gerandi í mótun þeirra aðstæðna sem ullu Hruninu. Háværar kröfur voru um að breyta yrði viðhorfum stjórnmalamanna gagnvart samskipti við kjósendur/almenning milli kjördaga. Trúnaðarmannaráðstefnan fordæmdi þau vinnubrögð sem Alþingi íslendinga hefur viðhaft á þessu ári, sem hefur skaðað íslensk heimili og fyrirtæki umtalsvert. Þar má benda á ýmis atriði ekki síst ábyrgðarleysi í Icesave-málinu og það málþóf sem þeir hafa ítrekað viðhaft.

Endurtekin afskipti stjórnarmanna í VR, Verkalýðsfélagi Akranes og Verkalýðsfélags Húsavíkur af innri málum RSÍ og kjarabaráttu sambandsins var mótmælt og aðdróttanir þessara féлага í garð forystumanna rafiðnaðarmanna fordæmdar. Og lýst var furðu á vinnubrögðum þáttastjórnenda við að taka þátt í athöfnum þessara við að draga störf öflugra stéttarféлага niður í svaðið. Rafiðnaðarmenn eru fullfærir um að taka ákvarðanir um sín mál og marka þá stefnu sem þeir fylgja í kjarabaráttu sinni, og hafa engan áhuga að taka þátt í innistæðulausum yfirboðum

Fjörug hópavinna var við mótun helstu stefnumarkmiða RSÍ

Hópur 1 Innra starf RSÍ

- Leggja áherslu á hækkun dagvinnutaxta, en minni á yfirvinnu og aukagreiðslur. Tryggja réttindi og fullan flutning á þeim milli vinnuveitenda.
- Trúnaðarmenn fái reglulega meiri upplýsingar um starfsemi RSÍ, ásamt því að halda uppi góðu kynningarstarfi með félagsfundum.
- Kynning RSÍ hefur verið góð en gera má betur. Minna þarf oftár á RSÍ í fjölmiðlum og nýta netmiðla betur.
- Rafiðnaðarskólinn verði opnari og meira kynntur út á við. Auka fjölbreytni námskeiða, fagnámskeið, myndvinnsla og almenn námskeið. Halda áfram að efla og styrkja starfsmenntakerfi rafíðnaðarmanna.

Hópur 2 Starf RSÍ út á við og samskipti við önnur sambönd

- Halda áfram á þeirri braut í kjaramálum sem sambandið hefur fylgt og hefur verið nefnt: „Sókn með stígandi lukku“. Vinna að auknum kaupmætti og tryggja lífsgæði. Fordast yfirboð og kollsteypumálflutning annarra. Efla vörn réttinda í kjara-, félags- og samfélagsmálum.
- Sambandið beiti sér fyrir fjölbreyttri atvinnuuppbyggingu. Hátækni og sprotafyrirtæki.
- Efla heimasíðuna. Stofna opnar ritnefndir.
- Erlend samskipti hafa ætíð verið RSÍ verðmæt, þar má benda á uppbyggingu starfsmenntakerfis rafíðnaðarmanna og skipulag sambandsins. Fylgja áfram á sömu braut með virkri þátttöku í norrænum samböndum.

Hópur 3 Vinnumarkaðurinn, þróun hans.

- Stuðla að arðbærri nýtingu þeirrar orku sem samstaða er um meðal þjóðarinnar að nýta. Auka rannsóknir á endurnýjanlegum auðlindum. Mikið af orku gufuaflsvirkjana fer í súginn, jafnvel allt upp í 80% bæta þarf nýtingu. Auka byggingu smærri virkjana og styðja orkubændur. Samræma orkutaxta.
- Réttlátt og sanngjarnt rekstrarumhverfi og styrkja rekstur í heimabyggð.
- Skattleggja mengun ekki orku.
- Auka þolinmótt lánsfé og aðgang að þróunarstyrkjum. Styrkja uppbyggingu sprotafyrirtækja og gefa þeim aukið svigrúm.

Hópur 4 Samfélagið – lýðræði og samskipti við stjórnvöld – ESB

- Við viljum byggja upp nýtt, opið og lýðræðislegt samfélag og hafa meiri áhrif á stjórnun þess. Öflug stéttarfélög geta haft jákvæð áhrif á uppbyggingu samfélagsins
- Efla tengsl stjórn mála og almennings og tryggja réttláta uppbyggingu samfélagsins, sem tekst ekki á uppjörs við fortíðina og allt upp á borðið. Styrkja innviði fjölskyldunnar.
- Ný stjórnarskrá er grundvöllur þess að hægt sé að endurreisa þjóðfélög og auka áhrif almennings, með aðkomu fólks að stærri ákvörðunum í þjóðaratkvæðagreiðslum.
- Ná málefnalegri niðurstöðu í aðildarviðræður um aðild að ESB. Stuðningur við inngöngu í ESB náist viðunandi niðurstöður í viðræðum.

Sambandstjórnarfundur

Fundurinn var haldin að Laugarvatni og í Skógarnesi 14.-15. maí. Form. fór þar yfir að venju skýrslu stjórnar starfsárið 2008-2009. Farið var yfir umfangsmikla starfsemi sambandsins og ársreikninga. Gjaldkeri sambandsins fór yfir og kynnti reikninga sambandsins. Þar kom fram að kostnaðaraukning við rekstur orlofshúsa hafi verið síðasta ári um 10 milljónir, en sá kostnaður er að langmestu leiti vegna neikvæðrar þróunar gengismála.

Farið var yfir niðurstöðu formannafundar RSÍ og skipulag RSÍ, niðurstaðan var að ekki væri þörf á grundvallarbreytingum á skipulagi sambandsins, en laga má eitt og annað og skerpa á öðru. Til umræðu voru síðareglur fyrir stjórnir – og starfsmenn RSÍ. Almenn sátt, að rétt væri að koma á ákveðnum reglum varðandi gjafir-og boðsferðir almennt og síðareglur settar.



Ársfundur Stafa fyrsta skerðing réttinda

Á ársfundi lífeyrissjóðsins 2009 sem var haldinn í maí að venju var kynnt að niðurstaða ársreikninga gerði það að verkum að skerða þyrfti lífeyri um 6%. Þetta er fyrsta skerðing í þeim lífeyrissjóðum sem rafiðnaðarmenn hafa staðið að. Árið 1969 var Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna stofnaður, sem síðan sameinaðist lífeyrissjóðum matreiðslu og framleiðslumanna og lífeyrissjóðurinn Lífiðn var stofnaður. Sá sjóður sameinaðist svo Samvinnu- lífeyrissjóðnum í nýjan lífeyrissjóð Stafi. Réttindi rafiðnaðarmanna í þessum lífeyrissjóðum hafa aldrei verið skert, en hafa aftur á móti verið aukin um 47% aukalega á þessum tíma. Flestir aðrir lífeyrissjóðir hafa orðið að skerða réttindi umtalsvert eða liðlega um 20% fyrir nokkrum árum eins og t.d. hjá Lífeyrissjóð Verzlunarmanna. Auk þessa er ávinnsluréttur og makalífeyrir í Stöfum mun betri en hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum.



Jólaball RSÍ

Ballið var haldið sunnudaginn 20. desember í Gullhömrum. Þetta er í annað skipti sem það er gert, um tvöfalt fleiri mættu nú en í fyrra eða um 250 manns og mikill ánægja meðal barna félagsmanna með ballið. Auk veitinga komu jólasveinar og gáfu nammipoka og hljómsveit spilaði undir dansi. Það er nokkuð ljóst að þessi skemmtun er komin til með að vera hluti af starfsemi sambandsins.



Fjölskylduhátíð RSÍ

Hátíðin var að venju haldin um Jónsmessuhelgina 19. – 21. júní. Veður var mjög gott stillt og sólríkt. Um 230 tjaldeiningar voru á svæðinu og öll húsin full af gestum. Auk þess kom nokkur hópur af fólki sem kom á svæðið á meðan skemmtiatriði voru. Ætla má að um 1.500 manns hafi verið á svæðinu alla helgina og tæplega 2.000 manns þegar fjölmennast var. Stóra tjaldið var tvöfaldað á þessari hátíð og ekki veitti af.

Allt fór fram með miklum ágætum og vandræðalaust. Dagskrá var að mestu hefðbundin. Viðavangshlaup, Kvinnahlaupið, fótboltamót, púttkeppni,

golfmót, veiðikeppni og hoppukastalar. Ratleikur kvikmyndahúsanna vakti mikla spennu meðal yngri gestanna. Um kvöldið spilaði Sniglabandið og kvöldinu lauk að venju með brennu.

Ferð eldri félagsmanna.

Föstudaginn 4. júlí bauð RSÍ eldri félagsmönnum í árlega ferð. Nú var farið í Svartsengi og Saltfisksetrið í Grindavík og síðan snæddur kvöldverður á Bláa Lóninu. Óhætt er að segja að þessar ferðir hafi mælst vel fyrir hjá eldri félagsmönnum og mökum þeirra og nú fóru tæplega 250 manns voru með í ferðinni að þessu sinni. Í sumari er áætlað að fara um Hvalfjörð, með stoppum í Hvalstöðinni, Bjarneyjarsandi og í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Þar yrði ca. 30 mínútna prógramm með upplestri og virkilega flottri klassískri tónlist. Að þeirri heimsókn lokinni bjóðum við upp á kaffihlaðborð í félagsheimilinu að Hlöðum.



Spennugolf 2009

Mótið var að þessu sinni haldið föstudaginn 26. júní 2009 á Öndverðanesvelli, veður var prýðilegt, smá rokglenna á tímabili, annars heppnaðist mótið mjög vel. Að venju var mikið um dýrðir í mótslok margskonar verðlaun og skemmtileg samvera mótsgesta. Til leiks mættu 60 keppendur af þeim 60 sem skráðu sig til leiks.

Efstu menn í högggleik urðu:

1 sæti	Guðbjörn Ólafsson	79 högg
2 sæti	Einar Hafsteinsson	83 högg
3 sæti	Jón Lúðvíksson	87 högg

Efstu menn samkv. stableford:

1 sæti	Elís Ingvarsson	40 punktar
2 sæti	Sigurður Árnason	37 punktar
3 sæti	Ragnar Lövdal	35 punktar

Síðsumargolfmótið var haldið á Geysisvelli 6. sept. og var spilað eftir Texas Scramblekerfi í mjög góðu veðri, fullbókað var í mótið.

Spennugolf 2010 verður haldið á Leirunni við Keflavík 25. júní 2010. Undanfarin ár hefur RSÍ verið með samstarfssamning við golfvöllinn Dalbúa í Laugardal og fengið í stað þess fríkort á völinn fyrir gesti í Skógarnesi og afslátt fyrir félagsmenn. Í vor var gerður samstarfssamningur við golfvöllinn í Hveragerði, Gufudalsvöll, og fá gestir RSÍ í Ölfusborgum sérstakan afslátt á völinn auk þess að félagsmenn fá afslátt þó þeir séu ekki gestir Ölfusborga.

Veiðikort og útilegukort.

Skrifstofan hefur undanfarin misseri boðið upp á útilegukort og veiðikort með 25% afslætti. Veiðikortið á kr. 9.000 og útilegukortið á kr. 4.500. Þetta er gert vegna óska starfsmanna við að auka þjónustu. Einnig er boðið upp á kort í Hvalfjarðargöngin á lægsta áskriftarverðinu. Þetta er mjög mikið nýtt af félagsmönnum.



Umhverfisþing

Umhverfisþing var haldið í október. Þar var m.a. fjallað um hvers vegna á verkalýðshreyfingin að láta sig loftslagsmál varða? Svarið liggur í augum uppi, þ.e.a.s. að hættan er svo alvarleg, að öllum virkum öflum í samfélaginu ber skylda til að láta að sér málið varða. Ef draga á úr losun gróðurhúsalofttegunda, fyrirbyggja loftslagsbreytingar og laga sig að þeirri stöðu, mun það valda gífurlegu álagi á fyrirtæki og þjóðfélagið í heild.

Umhverfisstefna skiptir okkur mjög miklu, ekki bara til þess að tryggja lífs-gildi okkar, heldur getur það haft gríðarleg áhrif á atvinnuþróun. En það eru einnig mikil tækifæri í þessari stöðu. Græn atvinnustarfsemi hefur aukist gríðarlega í Evrópu á seinustu árum. Þar eru nú þegar mörg störf og um há laun að ræða. Það er því áriðandi að koma umhverfisvænni hugsun inn í skólanna og móta strax allt starfsnám á þessum grunni. Norræn og evrópsk verkalýðshreyfing hefur mikið látið til sín taka í loftslagsumræðunni á vegum Sameinuðu þjóðanna með samtvinnuðri áætlun um sókn í atvinnu-málum á grundvelli sjálfbærni og grænna starfa sem og verndun loftslags-ins.



Grænn hugsunarháttur er ekki afturhvarf til fortíðar og atvinnuleysi eins og margir halda fram í umræðu um þessi mál. Það eru nánast óendanlegir möguleikar á hinu svokallaða græna sviði sem á sér ört vaxandi stuðning í heiminum í dag. Það eru gríðarlegir möguleikar á sviði lífefnaíðnaðar og mikill áhugi að koma til Íslands. Það er þegar uppgangur á þessu sviði hér á landi en gæti verið töluvert meiri. Einnig liggur fyrir að það sé hagkvæmt að framleiða ákveðnar tegundir af grænmeti hér á landi með vistvænni raforku. Ísland hefur allt til að bera að geta orðið grænt samfélag, ekki bara á nokkrum sviðum heldur allt samfélagið og við eigum að stíga það skref.

Við höfum gríðarleg tækifæri á að nýta samkeppnisforskot okkar í hreinum matvælaíðnaði með því að vera græn í fiskveiðum og fiskvinnslu og það sama á við um íslenskan landbúnað. Ísland getur orðið mun öflugri matvælaframleiðandi sem byggjum á forsendum sjálfbærni og grænni framleiðslu.

Íslensk orka er ekki ótakmörkuð eins og sumir stjórn mála- og embættismenn virðast halda. Það er hröð þróun í rafgeymum og rafbílar munu taka við. Það er ekki ólíklegt að eftir 10 ár verði raforka a.m.k. helmingur þeirrar orku sem íslenskur bílafloti nýtir. Það kallar á orku úr raforkukerfinu sem samsvarar framleiðslu Kárahnjúkavirkjunar. Þá værum við í mun lakari stöðu ef við værum búinn að selja stóran hluta af hagkvæmstu orkuframleiðslumöguleikum okkar í framvirkum samningum til erlendra auðhringa til margra áratuga.

Miklir möguleikar eru fyrir minni orkuframleiðendur en Landsvirkjun eins og t.d. bændur sem eru að byrja að virkja minni ár í eigin landi. Við getum

með þeim hætti framleitt mikla orku vítt og dreift um landið og með því reist vistvænar verksmiðjur af heppilegri stærð, með mannaflapörf á bilinu 50 – 200 manns. Með góðri skipulagningu væri ekki um að ræða kollsteypuuppbyggingu eins og ríkisstjórnir okkar hafa tíðkað hingað til. Hvað varðar umhverfismál á ferðamannastöðum þá er þörf á fjöldatakmörkunum ferðamanna á viðkvæmum landssvæðum. Ísland býr yfir einstökum tækifærum við að friðlýsa stór svæði.

Í vetur hefur stóora húsið verið endurbætt í hólf og gólf



Erlent samstarf.

RSÍ er aðili að Norræna Rafiðnaðarsambandinu (NEF), Norræna byggingarsambandinu (NBTF) sem er aðila að Evrópska og Alþjóða sambandi buggingarmanna. Auk þess er RSÍ aðila að samtökum norrænna símamanna og um leið alþjóðasamtökum þeirra og fleiri starfsgreina (UNI).

Ráðstefna norræna rafiðnaðarsambandsins

Norræna rafiðnaðarsamband stóð fyrir ráðstefnu í september í Kaupmannahöfn um afleiðingar efnahagskreppunnar og hvert stefndi. Fengnir voru nokkrir úrvalsfyrirlesarar og var meginmátt svört atvinnustarfsemi. Í umræðum kom m.a. fram að væri litið til þróunar undanfarinna ára eftir að frjáls för verkafólks varð almennari á evrópskum vinnumarkaði. Í þeirri kreppu sem hefur skolið yfir okkur velta örugglega margir því fyrir sér hvort við þurfum að afsegja kapítalismannum og hverfa til baka. Taka upp kommúnisma, marxisma eða þjóðernishyggju. Það hagkerfi sem hefur verið ráðandi undanfarin ár sé aldeilis ómögulegt. Við blasi sviðin jörð kapítalisma og frjálsra markaða.

Við eigum að nýta þetta og það geta verið spennandi tímar á næstunni. Þar sem tekist verður á um grundvallarspurningar um sátt fjármagns og framleiðni hinnar vinnandi handar. Viðhorfsbreytingar gagnvart neyslu og umhverfi okkar, inn í það mun næsta örugglega spila aukin umhverfisvitund og viðhorf til loftslagsbreytinga. Það verður að nást sátt í samfélaginu um skiptingu lífsgæða. Finna leiðir til stöðugleika og aukins kaupmáttar og koma böndum á ofsafengna auð- og neysluhyggju. Þjóðfélög heimsins hafa áður glímt við svipaða stöðu og niðurstöðurnar breyttu heiminum. Það sama mun gerast í kjölfar yfirstandandi kreppu, en það getur brugðið til beggja átta hvert haldið verður. Aukna einangrun eða aukin samvinna þjóða. Umræða undanfarinn misseri um samskipti og samstarf við aðrar þjóðir vekur upp efasemdir um viðhorf íslendinga á þessu sviði. Á sama tíma og Evrópuþjóðir eru að bindast auknum samtökum og uppbyggingu viðskiptasvæðis til þess að tryggja atvinnuuppbyggingu og samkeppnishæfni við aðra heimshluta, eru áberandi viðhorf hér á landi sem miða að frekari einangrun Íslands, þá sérstaklega þeirra sem eru yst til hægri eða vinstri.

Hvort eigum við að láta þröngsýn pólitísk markmið hér innanlands sníða okkur stakk eða fara sömu leið og nágrannaríki okkar um samstarf og frelsi til þess að komast inn á sameiginlegan markað. Sjálfbærni næst með því að auka framboð samfara að böndum er komið á neysluhyggju. Nýsköpun og hröð tækniþróun er forsenda sjálfbærni, þar hefur orðið mesta fjölgun atvinnutækifæra undanfarin ár. Til þess þarf opið samfélag, ekki einangrun. Samstarf innan Evrópu hefur spornað gegn því að stóru löndin verði enn stærri og hin litlu ósjálfbjarga. Kapítalisminn á að vera verkfæri, ekki hugmyndafræðilegt markmið eins og hann hefur orðið í höndum frjálshyggjunnar og leitt til ofsafenginnar auð- og neysluhyggju.

Kreppan á áttunda áratugi leiddi til þess að EES var stofnað til þess að standast samkeppni frá Asíu. Margt í stjórn málaumræðu ungs fólks í dag minnir um margt á það sem '68 kynslóðin hélt fram. Það var ekki einangrun það voru hnattræn sjónarmið. Umræður þessa dagana ber merki reiði og óuppgerðra hluta sem kalla á hert eftirlit og strangari lög sér staklega um fjármálamarkað og hegðan stjórnenda þeirra. En sem betur fer er farið að bera á kröfum um viðhorfsbreytingar og endurbætur á mikilsverðum þáttum þjóðskipulagsins.

Þing Evrópusambands byggingarmanna.

Evrópusamband byggingarmanna hélt þing sitt í fyrstu viku desember í Lille í Frakklandi. Rúmlega 17 milljónir vinna í evrópskum byggingariðnaði, hann hefur fallið um 13% og um og 2,5 milljónir manna hafa tapað störfum sínum frá árinu 2007. Mest hefur fallið verið á Spáni, Írlandi, Bretlandi og Portúgal. Í austur Evrópu eru víða gríðarleg vandamál.

Á þinginu töluðu nokkrir mjög áheyrilegir fagmenn sem hafa verið fengnir til þess að greina stöðuna í Evrópu. Fall byggingariðnaðar hófst árið 2007 eða áður en bankakrísan byrjaði. Ástæða bólunnar var mikið af ódýru lánsfé, sem bankarnir pumpuðu inn á markaðinn á óábyrgan hátt. Það leiddi til spákaupmennsku og óraunsæis við ákvarðanatöku. Í nokkrum löndum má frekar tala um stöðnun en mikið fall, t.d. Þýskaland, Austurríki, Sviss og Svíþjóð. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í stórtæka uppbyggingu á margskonar mannvirkjum, sem sumar hver voru fullkomlega óraunhæf. Stórauknir lánamöguleikar leiddu til óraunsærra ákvarðana í íbúðarbyggingu og snarhækkandi fasteignaverðs.

Botninum er enn ekki náð, en reiknað er með að honum verði náð á næsta ári í norðurhluta álfunnar. Áætlað er að ein milljón byggingarmenn glati störfum til viðbótar fyrir lok næsta árs. Þetta ástand hefur leitt til vaxandi einangrunarstefnu og rasisma á vinnumarkaði. Farandverkamenn frá öðrum löndum mæta víða harkalegum viðhorfum. Sum fyrirtæki hafa nýtt tækifærið á undanförunum árum til þess að gera marga að undirverktökum og neðanjarðarhagkerfið vaxið. Langmesta niðursveiflan á byggingarmarkaði er á Írlandi, en þar hafa 51% byggingarmanna glatað störfum sínum. Á Spáni hafa 25% byggingarmanna tapað störfum sínum. Í byggingariðnaði og hinum gríðarlega mikla húsgagnaiðnaði sem þar hefur verið, hafa samtals um 700 þús. manna glatað störfum sínum. Frá aldamótum hefur vöxtur byggingariðnaðar og iðnaðar tengdum honum verið risavaxinn á Spáni. Undanfarin ár voru um 800 þús. íbúðir byggðar á ári, en á næsta ári er reiknað með að í mesta lagi verði um 120 þús. íbúðir byggðar.

Ríkisstjórnir Evrópuríkja vinna að margskonar aðgerðum til þess að vinna á þessum vanda. Í flestum tilfellum er litið til endurbóta á eldri húsum. Talið er að um helmingur húsa í Evrópu þarfnist endurbóta. Margskonar aðgerða er þörf, ekki síst með tillit til aukinna krafna vegna umhverfisbóta

um sjálfbærni húsa og minni orkunotkunar. Einnig er öryggis- og tækni-búnaði víða ábótavant. Stjórnvöld og sveitarfélög þurfa að huga að byggingu félagslegra íbúða auk þess að byggja nýja skóla og umferðamannvirki. Græn markmiðsetning (Green New Deal) býður upp á mörg spennandi tækifæri til úrbóta og nýrra starfa.

Mjög er litið til ábyrgðar bankanna í þessu efni, háttarni þeirra átti stóran þátt í að skapa bóluna. Háværar kröfur eru um að tekið verði á starfsemi bankanna, bónusar og ofurlaun hafa ekki horfið af borðinu. Margir banka-anna eru að byrja að ná sér á strik aftur eftir að ríkissjóðir hafa sett umtals-vert fjármagn til þess að bjarga þeim. Það hefur leitt til vaxandi krafna um að bankarnir endurgjaldi þjóðfélaginu með margskonar úrbótum. Þær snú-ast um að bankarnir komi að hagkvæmum lánnum til endurbóta á húsnæði og eins til endurfjármögnunar á lánnum, sem eru að sliga margar fjölskyldur. Einnig eru nokkur stjórnvöld með á þrjónunum skattaafslætti vegna end-urbóta á húsnæði.

Stjórnvöld verða að líta til lengri tíma, þær úrbætur sem gerðar hafa verið duga ekki. Fljótt mun falla undan aftur ef ekki eru gerðar áætlanir til lengri tíma. Ná þarf stöðugleika í efnahagskerfin og byggingariðnaðinn. Einangr-unarstefna verður ekki til að bæta ástandið. Frekar að huga að því að fyrir-tæki komist ekki upp með að nýta farandverkafólk til þess að brjóta niður lágmarkskjör. Nokkur Evrópulönd eru að taka upp betri skráningarkerfi á launamönnum, þar á meðal íslenskur vinnumarkaður, til þess að vinna gegn vaxanda neðanjarðarhagkerfum og þvinga fyrirtæki að fara að umsömdum leikreglum og reglugerðum á vinnumarkaði.

Þing norræna byggingarsambandsins

Þingið var haldið í Osló í nóvember. Þar var áberandi umræða um stöðu undirverktaka á vinnumarkaði. Í samþykktum þingsins kom fram eindreg-inn vilji um að aðalverktaki beri ábyrgð á að staðið sé við lög, kröfur um öryggi og aðbúnað og kaup og kjör allra á viðkomandi vinnustað. Starf stéttarfélaga snýst ekki einungis um baráttu fyrir hækkun launa, stór þáttur er baráttu fyrir réttlátri skiptingu í samfélaginu.

Þetta er mikið hagsmunamál fyrir samfélagið sé litið þróunar undanfarinna ára eftir að frjáls för verkafólks varð almennari á evrópskum vinnumarkaði, þá hefur neðanjarðarhagkerfið vaxið hratt og tugir milljarða eru ekki að skila sér til samfélagsins. Auk þess þurfa stofnanir samfélagsins að þjónusta einstaklinga, sem ekki hefur verið greitt af nein tryggingargjöld og hafa engin réttindi. Slösuðu fólki er ekki varpað á dyr, en kostnaður vegna þessa hefur vaxið gríðarlega og sumum svæðum þar sem mikið er um erlendra farandverkamenn, þá ráða heilsugæslustöðvar ekki við vaxandi verkefni og ekki nein leið að leita eftir auknu fjármagni vegna þess að svo stór hluti fólksins er ekki til í opinberum gögnum.

Svört atvinnustarfsemi þrífst í skjóli undirverktöku og ólögleg starfsemi þrífst í þessu umhverfi, jafnvel harðsnúin glæpastarfsemi eins og t.d. mansal. Verkaþólk er flutt á milli landa og nýtur ekki lágmarksréttinda og er gert að búa við óviðunandi aðstæður, fær takmarkaðan hluta launa og nýtur ekki tryggingarverndar, lögbundins frítíma og veikindaréttar. Noregur er það norrænu landanna sem er komið lengst í að taka á þessu vandamáli með því að setja skýrar reglur um ábyrgð aðalverktaka. Þessar reglur nefndar „Samábyrgð“ og voru innleiddar 1. janúar 2010. Þar er kveðið á um að kjarasamningar ákvarði laun og kjör allra sem eru á norskum vinnumarkaði, og það sé á ábyrgð aðalverkataka. Það sé við hann sem sé samið um viðkomandi verkefni.

Reynsla norðmanna er sú að röð undirverktaka hver undir öðrum í skjóli þess að einungis sé hægt að sækja að aðalverktaka, sem síðan vísar undan allri ábyrgð á undirverktökum sínum. Þetta er ekki óþekkt hér á landi. Þannig hefur þessi starfsemi þróast án þess að hægt sé að taka efnislega á henni, sem hefur leitt til margskonar undanskota frá ábyrgð, sem hefur leitt til þess að samfélagið og launamenn hafa beðið umtalsverðan skaða. Hér er einnig bent á að oft er ekki hægt að ná fram lagfæringum á verksvikum og efnislegum frágangi. Undirverktakasamfélagið er röð kennitalna, sem sumar hverjar verða nánast gjaldþrota í lok hvers vinnudags.

Gengið er frá verksamningum við aðalverktaka sem uppfylla öllu sett skilyrði samfélagsins, en síðan komast undirverktakar upp með að stinga undan umtalsverðum hluta af réttindum og kjörum starfsmanna sinna. Hér er ekki einungis átt við laun, heldur er vinnutíma oft óhóflega langur, launamenn njóti ekki veikindaréttar, lögbundinna frídaga, lágmarkstrygginga og orlofs og þannig mætti lengi telja. Auk þess er ekki skilað tilskildum gjöldum til samfélagsins og viðkomandi starfsmaður réttindalaus í samfélaginu. Samkvæmt nýju lögum á hvaða starfsmaður sem er sem vinnur við tiltekið verk að geta leitað til aðalverktaka og krafist þess að hann njóti rétttra launa og allra lögbundinna kjara og aðbúnaðar. Aðalverktaka eru gefnir 3 mán. til þess hafa samband við þann undirverktaka sem starfsmaðurinn vinnur hjá og koma máli viðkomandi starfsmanna í réttan farveg.

Á hinum norðurlandanna eru lög og reglur um þessi mál óskýrari. Í Danmörku voru 1. janúar 2009 sett lög um ábyrgð aðalverktaka á virðisaukasköttum í öllu verkinu og gegnum það kerfi hafa Danir getað fylgst að nokkru með starfsemi undirverktaka. Á norðurlöndunum öllum eru skýr ákvæði um öryggismál á vinnustöðum, en töluverður brestur á að því sé fylgt eftir. Slys á byggingastöðum eru langflest slys á vinnumarkaði. Mörg dæmi eru þekkt, t.d. vakti það gríðarlega reiði í Noregi fyrir 2 árum þegar verkamaður fannst stórslasaður á fáförnum vegi upp í sveit. Hann talaði ekki norsku. Vinnuveitandi hans hafði farið með hann á þennan stað og skilið hann þar eftir til þess að komast hjá því að þurfa að fara með hann á

slysavardstofu, en þar hefði komist upp að vinnuveitandinn hafði svikist um að greiða öll tryggingargjöld og skatta af fjölmörgum erlendum starfsmönnum sínum.

Deilur hafa snúist um að tryggja lágmarkslaun og félagsleg undirboð. En reynslan hefur þó sýnt og það á m.a. við um reynslu Rafiðnaðarsambandsins að þó svo takist að fá verktaka til þess að fara að kjarasamningum um kaup og kjör, þá er ekki tryggt að viðkomandi starfsmaður haldi þeim launum þegar heim er komið. Hér er vísað til rússnesku línumannanna sem settu upp Búrfellslínu 2. Þegar línumennirnir komu til síns heima í Úkraníu að loknu verki komu handrukkarar heim til þeirra og sóttu þær leiðréttingar á launum sem RSÍ hafði náð fram er þeir fóru heim í verklok. Einnig má benda á þau slagsmál sem stéttarfélögin og eftirlitsstofnanir á vinnumarkaði þurftu ítrekað að taka við undirverktaka á Kárahnjúkasvæðinu.



Þessar myndir voru teknar á Fjölskylduhátíð RSÍ

Kjarasamningar

Aðdragandi Stöðugleikasáttmála.

Samtök launamanna gerðu árangurslausar tilraunir allt frá því nokkur fyrir Hrun að ná saman um þríhliða samstarfi um að byggja þetta samfélag upp með því að verja atvinnustig og verja kaupmátt.

Reyndar átti þetta aðeins lengri aðdraganda því að í undirbúningsviðræðum á haustmánuðum 2007 koma fram hugmyndir frá aðilum vinnnumarkaðs um þríhliða aðgerðir til þess að verja atvinnustig og verja kaupmátt. Þetta var svo betur útfært í viðræðum vegna kjarasamninga í febrúar 2008.

Ríkisstjórnin hélt sig í hlutverki bókmenntagagnrýnandans, þ.e.a.s. að vera ekki þátttakandi í mótun tillagna og taka við þeim og gera ekkert með þær annað en setja út á þær. Hér má minna á umfjöllun um að ríkisstjórnin lagfærði trúverðugleika með því að víkja nokkrum einstaklingum úr sætum í Seðlabanka, Fjármálaeftirliti og eins ráðherrum sem stjórnðu þessum stofnunum. Fyrir myndi almenningur ekki setta við stöðuna. Annars myndi ekki skapast nauðsynlegt traust á milli stjórnvalda og annar í þjóðfélaginu.

Í aðdraganda kosninganna í apríl 2009 höfðu aðilar vinnnumarkaðarins frumkvæði að því að efna til víðtæks samráðs vinnnumarkaðarins og stjórn-
málaflokkanna um mótun stefnu í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum með það að markmiði að varða leiðina út úr þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin stæði frammi fyrir. Sett voru fram drög að aðgerðaáætlun og skilgreind voru skýr og tölusett markmið um helstu lykilstærðir eins og vexti, gengi, verðbólga, ríkisfjármál, lífskjör almennings og atvinnustig.

Við upphaf viðræðna um endurskoðunarákvæði kjarasamninga kom fram af hálfu forsvarsmanna SA og samninganefnda sveitarstjórna og fjármál-
aráðuneytisins að það væri ekki grundvöllur að hækka laun eins og gert væri ráð fyrir í endurskoðunar ákvæðinu og til þess að segja samningnum upp. Það myndi leiða til þess að allir samningar í landinu væru lausir. Leiða má líkur til þess að lítið næðist út úr samningaviðræðum og ef einhverjir ætluðu að þvinga fram niðurstöður myndu koma lög sem frystu laun og kjör í landinu um tiltekinn tíma.

Aðila vinnnumarkaðs voru sammála um nauðsyn þess að leggja upp með áætlun til tiltekins tíma um uppbyggingu íslensks þjóðfélags með nauðsynlegir þátttöku ríkisstjórnar. Ef það næðist niðurstaða um sveigjanleika og frestun væri hugsanlega hægt að ná einhverri niðurstöðu. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar voru nákvæmlega þau sömu og áður. Vera áfram í hlutverki bókmenntagagnrýnandans. Engar tillögur um aðgerðir, engar tillögur um hvernig bregðast eigi við um uppbyggingu atvinnulífs og svo hótanir um að ef þvingaðar verði fram einhverja launabætur muni það þýða enn frekari uppsagnir starfsfólks.

23. feb. 2009 hófust viðræður milli ASÍ og SA um hvort aðilar vildu framlengja líf núverandi kjarasamnings og hvernig gengið yrði frá launahækkunum og umsömdum kjarabótum. SA benti á að ekki væru forsendur til þess að fyrirtækin geti hækkað laun. Bankakerfið nánast óvirkt, vextir vel á þriðja tug prósentu, rekstrarvandinn gríðarlegur og fjöldi fyrirtækja gjaldþrota í hverri viku. Byggingariðnaður stopp, víðtækar uppsagnir standi nú yfir í þjónustu og verslun, fiskur seljist ekki erlendis og verð lág, því fylgi gríðarleg birgðasöfnun. Ef fyrirtækjunum yrði stillt upp með kröfu um hækkun launa væri ljóst að það myndi verða brugðist við því með enn frekari uppsögnum eða uppsögn kjarasamninga.

Eftir harðar deilur náðist samkomuleg að framlengja líf kjarasamninganna en með frestunum á launahækkunum, þó þannig að þær komu allar til framkvæmda á samningstímanum. Helsta ástæða þessa var af hálfu samstaka launamanna að verja atvinnustigið og sporna gegn enn meira falli. Eftir mikil fundahöld meðal landssambanda innan ASÍ varð niðurstaðan að um 90% félagsmanna innan ASÍ vildi láta reyna á samningaleiðina og taka þá afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem þar næðist.

Miðstjórn RSI stóð fyrir útvíkkuðum fundi miðstjórnar þar sem var samþykkt að skoða þessa leið, einnig voru haldnir félagsfundir um land allt þar sem mættu um 500 manns og var sameiginleg niðurstaða að af tveim vöndum kostum, þar sem annar væri uppsögn samning, hinn frestun launahækkana.

Það var sameiginlegt álit rafiðnaðarmanna að það myndi taka alllangan tíma að ná nýjum samning, bæði væri komið fram á vor og eins væri atvinnuástand slæmt. Vilji fyrirtækja til viðræðna myndi verða mjög takmarkaður. Það mætti því reikna með að það myndi taka nokkra mánuði að ná nýjum samningum og eins allverulegar líkur á að innihald þeirra myndi ekki verða betra en fyrir væri í samningunum. Þess vegna væri það betra að reyna til þrautar að ná samkomulagi við atvinnurekendur um framlengt líf þessara samninga, þó svo það myndi kosta einhverja frestun launahækkana. Þessi ákvörðun átti eftir að verða heildarsamtökum erfið, sakir þess að forsvarsmenn félaga með um 10% félagsmanna ASÍ fóru hamförum og fengu mikla athygli hjá spjallþáttastjórnendum.

Uppsögn stöðugleikasáttmála.

SA sagði sig frá Stöðugleikasáttmála í beinni útsendingu um miðjan marz 2010 og gekk þar erinda útgerðarmanna. Með þessu var aukin upplausn í stjórnáttmálum og var þar vart á bætandi. Þetta virðist gert til þess eins að tryggja eignarhald fárra á kvótanum. Einstaklinga sem hafa skuldbætt þessa þjóðareign upp í topp og krefjast enn meiri forréttinda.

Þrátt fyrir að margt hafi vel tekist við endurreisn efnahagslífsins, er ljóst að þessi sáttmáli hefur ekki reynst sá vettvangur umræðu og ákvarðanatöku

sem vænst var. Ítrekaðar tafir hafa orðið á framvindu áætlunar AGS og stjórnvalda m.a. vegna deilunnar um Icesave reikninganna. Alvarlegar deilur um einstaka þætti sáttmálans hafa markað djúp spor í samstarfið og nýverið sagði framkvæmdastjórn SA sig formlega frá sáttmálanum, þannig að staða hans er óljós sem stendur.

Þau markmið sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu frumvæði að því að setja um endurreisn efnahags- og atvinnulífsins og bættu stöðu heimila og fyrirtækja, standa óbreytt.

Viðfangsefnið er að mynda grunn að umfangsmikilli aðgerðaráætlun í efnahags- og atvinnumálum sem geti verið sá stökkipallur sem atvinnulífið þarf nauðsynlega á að halda til að fjölga hér störfum og auka tekjur landsmanna. Meðal þeirra atriða sem nauðsynlegt er að bregðast við eru lágt gengi íslensku krónunnar, gjaldeyrishöft og háir vextir, viðvarandi verðbólguþrýstingur, auknar framkvæmdir á vegum hins opinbera með aðkomu lífeyrissjóðanna, staða ríkisfjármála næstu misseri og ár og erfið greiðslu- og skuldastaða heimilanna.

Miðstjórn RSÍ fordæmdi þessa ákvörðun og benti á að samkenndar hefði orðið til þess að það tókst að ná öllum aðilum vinnumarkaðs, ríkisvaldi og sveitarfélögum að samningaborði. Stöðugleikasáttmálinn var forsenda þess að launamenn sættu sig við frestun umsaminnna launahækkana. SA rauf með ákvörðun sinni sáttina og rafiðnaðarmenn krefjast þess að þeirri launahækkun sem frestað var um síðustu áramót komi nú þegar til framkvæmda.

Launamenn hafa staðið við sitt og sýnt fulla ábyrgð og hafa þegar axlað sína ábyrgð. Miðstjórn RSÍ setti strax fram formlegar kröfur um að allar frestanir á launahækkunum yrðu dregnar tilbaka, SA gæti ekki sagt upp Stöðugleikasáttmálans en haldið síðan í útvalinn atriði hans. Deilur við SA vegna frestunar launahækkana eru á leið til Félagsdóms þar sem þess er krafist að þær séu dregnar tilbaka.

Launabreytingar 2009

Niðurstaða endurskoðun kjarasamninga í júní var sú að skipta umsaminni lágmarkslaunahækkun í tvennt og fyrri hluti kæmi til framkvæmda það er 8.750. kr. hækkun á lágmarkstöxtum sveina og kr. 6.912 á öðrum töxtum þ. 1. júlí í sumar.

	30. júní	1. júlí 2009	
Lágmarkslaun	166.275	173.187	taxtar 13 og 14 detta út
3ja ára nám	189.427	197.302	
Lágm. laun sveina	210.474	219.224	
Sveinn eftir 1 ár	214.825	223.575	
Sveinn eftir 3 ár	219.285	228.035	
Sveinn eftir 5 ár	238.268	247.018	

Það þýðir að ef starfsmaður tekur laun samkvæmt taxta sem liggur fyrir neðan lágmarkslaun ber honum hækkun þar til laun hans eru fyrir ofan lágmarkstaxta.

Launabreytingar 1. nóv. 2009.

Lágmarkslaun	180.099	taxti 15 dettur út
3ja ára nám	205.177	
Lágm. laun sveina	227.974	
Sveinn eftir 1 ár	232.325	
Sveinn eftir 3 á	236.785	
Sveinn eftir 5 ár.	255.768	

1. nóvember 2009 kom inn 3,5% launatrygging. Það er framkvæmt þannig að daglaun í jan. 2009 eru borinn saman við laun í okt. 2009. Ef starfsmaður hefur fengið minni launahækkun en 3,5% á þessu tímabili, þá ber honum þá launahækkun sem upp á vantar.

Hafi starfsmaður ekki fengið neina launahækkun á þessu ári þá á hann rétt á 3,5% hækkun, hafi hann fengið t.d. 2% þá á hann rétt á 1,5% hækkun.

Launabreytingar 1. júní 2010

Lágmarkslaun	186.971	taxti 16 dettur út
3ja ára nám	213.005	
Lágm. laun sveina	236.672	
Sveinn eftir 1 ár	242.325	
Sveinn eftir 3 ár	245.535	
Sveinn eftir 5 ár.	265.768	

1. júní 2010 2,5% launahækkun á öll laun.

Desember- og orlofsuppbót.

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2009 kr. 45.600.

Á árinu 2010 kr. 46.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 verði orlofsuppbót kr. 24.300.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 verði orlofsuppbót kr. 25.200.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2010 verði orlofsuppbót kr. 25.800

Endurskoðunarákvæði er í samningnum þar sem gert er ráð fyrir að sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd ASÍ og tveimur af SA fjalli um þróun efnahagsmála á samningstímanum. Í byrjun febrúar 2009 skal taka afstöðu um framlengingu samningsins fyrir tímabilið 1. mars 2009 til 30. nóvember 2010. Samningurinn framlengist til 30. nóvember 2010 hafi báðar forsendur samningsins staðist.

1. Annars vegar þarf kaupmáttur launa á almennum vinnumarkaði að hafa haldist eða aukist á samningstímanum (tímabilinu janúar 2008 – des-

ember 2008) samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

2. Hins vegar þarf verðbólga að hafa farið lækkandi. Með lækkandi verðbólgu er átt við að verðbólga innan ársins 2008 þ.e. 12 mánaða verðbólgan í desember 2008 sé lægri en 5,5%. Ennfremur að verðbólga á 6 mánaða tímabilinu ágúst 2008 – janúar 2009 sé innan við 3,8%, miðað við árshraða.

Nú hefur önnur hvor samningsforsendan eða báðar ekki staðist skal þegar í stað kalla saman fund samninganefndar ASÍ og SA sem leita skal samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiðs samningsins, festa forsendur hans í sessi og tryggja að samningurinn haldi gildi sínu. Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 30. nóvember 2010.

Deilur við Símann.

Í nóvember risu upp deilur milli starfsmanna Símans (fyrirtækja Skipta) vegna þess að fyrirtækin tóku einhliða þá ákvörðun að fresta umsaminni 2,5% launahækkunum sem taka áttu gildi um áramót. Þessi ákvörðun var ákveðin án samráðs við stéttarfélög rafiðnaðarmanna og kom þeim í opna skjöldu. Rafiðnaðarsambandið hélt fundi víðsvegar um landið með félagsmönnum sem starfa hjá fyrirtækjum Skipta. Þeir voru fjölmennir og um 300 rafiðnaðarmenn sótt þá.

Fyrirtækin vísuðu til Stöðugleikasáttmála um frestun launahækkunar nú um áramótin, en rafiðnaðarmenn benda á móti að fyrirtækin hafi við gerð nógildandi samnings krafist sérsamninga vegna bágrar stöðu, þegar nógildandi kjarasamningur var gerður, sem eru með minni launahækkunum en voru í almennu samningunum. Á það hafi starfsmenn fallist við afgreiðslu samninganna, svo komast mætti hjá miklum uppsögnum eins og kom fram í framlögðum gögnum fyrirtækjanna.

Rafiðnaðarmenn benda á að launahækkanir sem komu til framkvæmda á þessu ári séu ekki í samningum rafiðnaðarmanna við fyrirtæki Skipta. Samkomulag náðist um að fresta þeim hækkunum sem voru í almennu samningunum og kom seinni hækkunin til framkvæmda 1. nóv. Það leiddi síðan til þess að launahækkun í þeim samningum sem koma áttu um áramót var frestað um 6 mánuði. Þessar forsendur eru ekki til staðar í sérsamningum rafiðnaðarmanna við fyrirtæki Skipta og telja þeir að fyrirtækin séu að velja eitt tiltekið atriði sem henti þeim úr Stöðugleikasáttmálanum.

Rafiðnaðarmenn benda á að þessi deila hafi ekkert með Stöðugleikasáttmála að gera eins og fyrirtækin haldi fram, heldur sé einfaldlega með þessu stefnt að broti á gildandi sérkjarasamningi Rafiðnaðarsambandsins við fyrirtæki Skipta. Rafiðnaðarmenn hafa lögðu fram tillögur til sátta, en Skipti höfnuðu viðræðum.

Í ályktun sem samþykkt var á fundum komu m.a. fram harðorð mótmæli ef fyrirtækin ætli einhliða að fresta samningsbundinni launahækkun sem átti að koma um áramótin um 6 mánuði til 1. júní 2010. Þessi ákvörðun hefur aldrei verið borin undir starfsmenn. Engar launahækkanir hafa komið til starfsmanna í 2 ár, auk þess að starfsmenn hafa tekið á sig umtalsverða kjararárnun og fjölmargir fengið uppsagnir.

Í 3. gr. nógildandi kjarasamninga RSÍ vegna fyrirtækjanna, eru ákvæði um að laun eigi að hækka 1. jan. 2010 um 2,5%, auk 11 þús. kr. grunnlaunahækkunar hjá þeim lægst launuðu. Önnur ákvæði um launahækkanir eru ekki á samningstímanum.

Í almenna kjarasamningnum sem Stöðugleikasáttmáli er tengdur, voru 5,5% launatryggingarákvæði við upphaf, auk 21. þús. kr. hækkunar lágmarkslauna. Einnig komu 1. júní 2009 til framkvæmda 6.912/8.750 kr. hækkun á grunntöxtum og þ. 1. nóv. 2009 3,5% launatryggingarhækkun, auk 6.912/8.750 kr. hækkunar á grunntöxtum. Í lokin er svo 2,5% launahækkun sem koma átti um áramót, en var frestað um 6. mán.

Við gerð kjarasamninga við fyrirtæki Skipta höfnuðu þau að kjarasamningurinn yrði eins og almennu samningarnir. Þau báru fyrir sig slaka stöðu fyrirtækjanna og vildu sérsamninga. Í 10. gr. samninganna eru ákvæði þess efnis að komi til þess að ASÍ og SA nái samkomulagi í byrjun febrúar 2009 um breytingu á almenna samning RSÍ skuli það sama gilda um þennan samning. Eins og fram kom við gerð kjarasamningsins var þetta sett inn til varnar því ef öllum samningum yrði sagt upp og forsendur samninganna gjörbreytast. Á fundunum var samþykkt að fara með málið fyrir Félagsdóm ef fyrirtækin myndu ekki greiða út launahækkunina um áramótin. Það varð ekki og var því farið með málið fyrir Félagsdóm. Skömmu áður en málið var dómtekið sagði SA upp Stöðugleikasáttmálanum og var þá haft samband við SA og fyrirtækin og spurt hvort forsendur varna þeirra væru ekki þar með brostnar. Svar vakti undrun manna, þegar þeir sögðust ekki hafa sagt upp þessum parti samningsins.



Frá félagsfundi í Reykjavík þar sem farið var yfir stöðugleikasáttmálanum

Launakönnun Capacent fyrir RSÍ september 2009

Capacent hefur undanfarin 4 ár kannað laun og vinnutíma rafíðnaðarmanna í september. Úrtak nú var 1307 félagsmenn. 763 svöruðu eða 58.4% sem er góð svörun að því okkur er tjáð. 668 karlar og 95 konur, sem samsvarar vel kynjaskiptingu innan sambandsins.

Menntun og staða á vinnumarkaði 18% félagsmanna er með minni menntun en iðnnám. 67% hafa lokið iðnnámi. 16% hafa lokið háskólánámi.

4,3% eru atvinnulausir. 83% eru fastráðnir, 4% lausráðnir, 1,3% eru á uppsagnarfresti og svipaður hópur á reynslutíma. 1,4% er í námi og 5% félagsmanna eru verktakar.

88% félagsmanna eru í fullu starfi, 6% í hlutastarfi og 6% ekki í föstu starfi.

Háskólamenntun	9%
Tæknifræðimenntun	7%
Meistaránám.	18%
Iðnnám	47%
Annað	18%

Vinnutími hefur lækkað stöðugt þessi fjögur ár. Var 199 klst. yfir mánuðinn 2006 hjá þeim sem eru í fullu starfi, en er núna 181 klst. og var 185 klst. í fyrra.

Yfirvinnutímar voru að meðaltali 22 klst. hjá þeim sem eru í fullu starfi, var 31 klst. í fyrra. Hér er mismunur á lækkuðum heildartíma og svo skráðri yfirvinnu. Þetta skýrist með því að fastri yfirvinnu í fastlaunasamningum hefur á nokkrum stöðum verið sagt upp.

Meðalyfirvinnutími háskólamanna	19 klst.
Meðalyfirvinnutími tæknifræðinga	25 klst.
Meðalyfirvinnu. sveina m. meistarask.	25 klst.
Meðalyfirvinnutími rafvirkja	25 klst.
Meðalyfirv.t. rafv. utan höfuðborgarsv.	26 klst.
Meðalyfirvinnutími rafeindavirkja	20 klst.
Meðalyfirvinnutími tæknifólks	20 klst.
Meðalyfirvinnutími símafólks	11 klst.

Meðalheildarlaun rafíðnaðarmanna í september er 438.690 kr. en voru í fyrra 451.207 kr.

Að teknu tilliti til styttri vinnutíma þá eru heildarlaun óbreytt.

Meðalheildarlaun rafíðnaðarmanna með sveinspróf eða minna eru 378 þús. kr. Voru 394 þús. í fyrra og hafa þá lækkað um 4,2%.

Yfirvinna þessa hóps í fyrra var 25,7 klst. að meðaltali á mán. En er núna 14,7 klst.

Að teknu tilliti til vinnutíma þá hafa heildarlaun þessa hóps hækkað um 1,1%.

Meðalheildarlaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf eða meira eru 467 þús. kr. Voru 486 þús. kr. og hafa því lækkað um 4%.

Yfirvinna þessa hóps í fyrra var 32,5 klst. að meðaltali á mán. En er núna 22,5 klst.

Að teknu tilliti til vinnutíma þá hafa heildarlaun þessa hóps hækkað um 5,1%.

Meðalheildarlaun háskólamanna	511 þús. kr.
Meðalheildarlaun tæknifræðinga	490 þús. kr.
Meðalheildarlaun sveina m. meistarask.	491 þús. kr.
Meðalheildarlaun rafvirkja	476 þús. kr.
Meðalhl. rafv. utan höfuðborgarsv.	420 þús. kr.
Meðalheildarlaun rafeindavirkja	468 þús. kr.
Meðalheildarlaun tæknifólks	406 þús. kr.
Meðalheildarlaun símafólks	365 þús. kr.

Meðalheildarmánaðarlaun

	sept. 2006	ágúst 2007	sept. 2008	sept. 2009
Háskólamenn	466 þús. kr.	500 þús. kr.	530 þús. kr.	511 þús. kr.
Tæknifræðingar	407 þús. kr.	432 þús. kr.	477 þús. kr.	490 þús. kr.
Rafeindavirkjar	390 þús. kr.	474 þús. kr.	474 þús. kr.	468 þús. kr.
Rafvirkjar	429 þús. kr.	436 þús. kr.	492 þús. kr.	476 þús. kr.
Símamenn	313 þús. kr.	344 þús. kr.	374 þús. kr.	365 þús. kr.
Tæknifólk	326 þús. kr.	417 þús. kr.	447 þús. kr.	406 þús. kr.

Meðaldaglaun (regluleg laun) rafiðnaðarmanna eru í september 347.772 kr. Voru 340.422 kr. í fyrra og hafa því hækkað um 2,2%.

Regluleg laun eru föst laun sem greidd eru fyrir 40 dagvinnutíma, utan bónus, álags eða yfirvinnu.

Meðaldaglaun rafiðnaðarmanna, án sveinsprófs eru 310 þús. kr. Voru í fyrra 296 þús. kr. og hafa því hækkað um 4,7%. Meðaldaglaun rafiðnaðarmanna án sveinsprófs eru 1.700 kr. á tíman að meðtöldum des. og orlofsuppbót og öðrum föstum greiðslum. Yfirvinnulaun eru að meðaltali 3.000 kr. á tímann.

Meðaldaglaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf eru 365 þús. kr. Voru í fyrra 364 þús. kr. og hafa því hækkað um 0,3%. Meðaldaglaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf eru 2.100 kr. á tíman að meðtöldum des. og orlofsuppbót og öðrum föstum greiðslum. Yfirvinnulaun eru að meðaltali 3.650 kr. á tímann.

Meðaldaglaun háskólamanna	464 þús. kr.
Meðaldaglaun tæknifræðinga	375 þús. kr.
Meðaldaglaun sveina m. meistarask.	371 þús. kr.
Meðaldaglaun rafeindavirkja	397 þús. kr.
Meðaldaglaun rafvirkja á höfuðb.sv	344 þús. kr.
Meðaldagl. rafv. utan höfuðborgarsv.	310 þús. kr.
Meðaldaglaun tæknifólks	348 þús. kr.
Meðaldaglaun símafólks	337 þús. kr.

Regluleg laun

	sept. 2006	ágúst 2007	sept. 2008	sept. 2009
Háskólamaenn	396 þús. kr.	455 þús. kr.	471 þús. kr.	464 þús. kr.
Tæknifræðingar	282 þús. kr.	332 þús. kr.	401 þús. kr.	375 þús. kr.
Án sveinsprófs	258 þús. kr.	299 þús. kr.	364 þús. kr.	310 þús. kr.
Sveinspr. eða meira	291 þús. kr.	341 þús. kr.	364 þús. kr.	365 þús. kr.
Rafeindavirkjar	308 þús. kr.	403 þús. kr.	399 þús. kr.	397 þús. kr.
Rafvirkjar	285 þús. kr.	303 þús. kr.	321 þús. kr.	344 þús. kr.
Síamamenn	279 þús. kr.	320 þús. kr.	346 þús. kr.	337 þús. kr.
Tæknifólk	274 þús. kr.	309 þús. kr.	340 þús. kr.	348 þús. kr.



Aðalgræjan hans Sæma í Skógarnesi var tekin í gegn

Orlofskerfi RSÍ

	Fjöld.hús á ársgr.velli	Heildartekjur 2009	Heildargjöld 2009	Tekjur pr.hús 2009	Gjöld pr.hús 2009	Leiga sem hlutfall af rekstrarkostnaði 2009	2008	Méðaltal 2003 - 2008
Reykjavík	6	4.751.000	4.932.525	791.833	822.087	96,3%	60,6%	98,4%
Svignaskarð	2	1.405.500	3.436.926	702.750	1.718.463	40,9%	47,2%	46,1%
Vatnsfjörður	1	225.000	765.732	225.000	765.732	29,4%	22,9%	30,3%
Varmahlíð	1	971.200	900.590	971.200	900.590	107,8%	91,5%	135,9%
Akureyri	2,7	2.394.600	1.806.739	886.889	669.162	132,5%	132,2%	133,8%
Vaglaskógur	1	494.000	304.630	494.000	304.630	162,2%	38,9%	40,4%
Einarsstaðir	3	806.440	2.405.460	268.813	801.820	33,5%	28,0%	43,0%
Lón/Illugastaðir	2	513.500	623.390	256.750	311.695	82,4%	63,6%	72,8%
Klaustur st.hús	1	394.000	481.659	394.000	481.659	81,8%	84,2%	66,3%
Klaustur litlu hús	2	231.000	367.301	115.500	183.650	62,9%	48,7%	62,6%
Skógarnes lítil	3,7	1.770.000	6.646.196	478.378	1.796.269	26,6%	42,7%	40,4%
Skógarnes stór	8,9	8.891.400	15.502.171	999.034	1.741.817	57,4%	53%	52,0%
Skógarnes stóra hús	1	1.354.000	2.790.431	1.354.000	2.790.431	48,5%	82,1%	88,6%
Stykkishólmur	1	757.700	1.810.900	460.000	835.098	55,1%	55,1%	55,1%
Ölfusborgir	2,2	1.465.500	3.186.863	666.136	1.448.574	46,0%	60,4%	61,4%
Tjaldvagnar	11,5	1.216.000	441.873	105.739	38.424	275,2%	210,2%	128,2%
Spánn	2	1.132.000	1.276.184	566.000	638.092	88,7%	89,3%	184,4%
Kaupmannahöfn	1	2.385.000	6.457.301	2.385.000	6.457.301	36,9%	48,8%	60,2%
Súðavík	0,25	175.000	541.394	175.000	541.394	32,3%	0,0%	0,0%
Tjaldsvæði	3	6.527.664	5.756.678	2.175.888	1.918.893	113,4%	69,9%	94,6%
	56,3	37.860.504	60.434.941	673.076	1.074.399	62,6%	58,1%	75,5%

Miklar breytingar

Töluverð breyting hefur átt sér stað á orlofseignum RSÍ undanfarin misseri. Í rekstri orlofskerfisins: 2 hús í Svignaskarði, þau voru tekin í gegn veturinn 2007/08. 1 raðhús í Stykkishólmi. 1 hús í Vatnsfirði, einbýlishús í Súðavík. 1 hús í Varmahlíð. 3 íbúðir á Akureyri. 1 hús í Vaglaskógi. 1 hús á Illugastöðum sem er í skiptum fyrir annað hús RSÍ í Lóninu. 3 hús á Einarsstöðum. 1 hús í Lóninu. 3 hús á Kirkjubæjarklaustri. 15 hús í Skógarnesi við Apavatn. 3 hús í Ölfusborgum. 6 íbúðir í Reykjavík. Samtals 42 orlofs-hús.

13 tjaldvagnar eru í leigukerfinu allir nýir. Erlendis eru í boði 1 íbúð í Kaupmannahöfn og 2 hús á Spáni. Samtals 58 orlofseiningar

Nokkur tekjusamdráttur hefur verið hjá sambandinu vegna ástands á vinnumarkaði. en þrátt fyrir það var ákveðið að halda áfram við að endurnýja orlofseignir. Erfitt væri fyrir sambandið að draga saman viðhaldsvinnu á sama tíma og það væri að krefja sveitarfélög og hið opinbera um auknar aðgerðir til þess að minnka atvinnuleysis. Á síðasta ári var framkvæmt í orlofskerfi sambandsins fyrir um 141 millj. kr. Á Akureyri voru settar stórar verandir við íbúðirnar í fyrra og í vetur voru þær allar teknar í gegn skipt um innréttingar sett ný gólfefni og þær málaðar. Ein íbúðanna var stækkuð um 2 rúmgóð svefnherbergi og gestaklósett.

Í Skógarnesi var í vetur skipt um minni húsin sem eru 4 auk þess var stóra húsið endurbyggt. Það var ákaflega illa einangrað og gluggar orðnir ónýtir. Síðasta sumar bar á mikilli aukningu á langtímadvöl á tjaldsvæðinu og beiðnir gesta um að komast í þvottavélar, þannig að í vetur var sett upp þvottahús fyrir tjaldsvæðið.

Síðasta ár voru húsin í Ölfusborgum tekin algjörlega í gegn í kjölfar mikilla skemmda vegna jarðskjálfta, herbergi stækkuð, skipt eldhús og reist 10 ferm. sólstofa við húsin.

Úthlutun 8.apríl 2010

Umsóknarfrestur var frá 1. mars til 6. apríl 2010. Alls bárust 689 umsóknir, sem skiptist þannig: 661 rafrænt og 28 skriflegar.

Úthlutun fengu 397 eða 58% innsendra umsókna.

Hafnað var 292 eða 42% innsendra umsókna.

Til úthlutunar voru alls 624 einingar (leigutímabil) sem skiptast þannig:

Í orlofshúsum 468 einingar og í tjaldvögnum 156 einingar

Öllum umsækjendum er sendur tölvupóstur um niðurstöðu úthlutunar.

Þeir sem fengu úthlutað er gert að greiða eigi síðar en 20.apríl.

Þeim sem var hafnað eiga forgang til 30 apríl '10 á að bóka á orlofsvefnum þau orlofshús/tjaldvagna sem eru laus eftir úthlutun eða gjalddaga.

1 maí verður sumartímabili (28.mai – 27.ág.2010) opnað til bóknar fyrir alla félagsmenn þ.e.a.s. það sem þá verður laust, og gildir þá „fyrstur kemur“ fyrstur fær.

Skógarnes við Apavatn er vinsælasti staðurinn sem fyrr. 195 útleiguaeiningar eru þar á útleigutímabilinu í öll hús talin, og heildarfjöldi óska er 1.158 eða 5.9 óskir pr.einingu.

Óskir um dvöl í „Stóra húsinu“ voru 52 í boði eru 11 einingar eða 4.7 óskir pr. einingu.

Alls komu 52 umsóknir/óskir um tjaldvagna í boði eru 169 einingar. Félagsmenn sækja yfirleitt um tjaldvagnarnir með tiltölulega skömmum

fyrirvara. En þeir hafa ætíð verið með feykilega góða nýtingu.

Vinsælustu staðir 2010: 1 Skógarnes. 2 Svignaskarð. 3 Vaglaskógur. 4 Varmahlíð. Athygli vekur vinsældir staða eins og Flókalundur (95 óskir), Illugastaða (152 óskir), Stykkishólmur (131 ósk). Sumarúthlutun var nú í fyrsta skipti í „Frímann“ hinu nýja orlofskerfi og gekk það vel.

Skógarnes við Apavatn

Við Apavatn á RSÍ 25 hektara orlofssvæði. Í fyrra var keypt um 1.3 ha land sem liggur við svæðið. Það leiðir til þess að landræma norðan nýju húsanna nýtist mun betur. Búið er að skipuleggja þetta svæði og verða reist þar 4 hús eins og minni húsin og eitt eins stóru húsin. Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hvenær það verði gert. Á þessu svæði er þéttur skógur niður við vatnið og verður komið fyrir þar bekkjum og borðum og það svæði tengt við göngustígakerfið. Ánægjulegt er að sjá hversu mikið hið 3 km. göngustígakerfi á nesinu er nýtt og útivistarsvæðin öll.



Nýuppperð stofan í stóra húsi

Skógurinn á austanverðu nesinu dafnar betur með hverju ári og skjól á nýrri tjaldsvæðunum sífellt að batna. Gestum er heimil veiði í vatninu. 9 holu þúttvöllur og 9 holu æfingavöllur með 50 – 250 m þar 3 brautum. Tveir knattspyrnuvöllir, körfuboltavöllur og strandblakvöllur. Þrjú stór og vel búin leiksvæði. Á svæðinu er rúmgott tjaldsvæði með 2 rúmgóðum snyrtihúsum, svæðið er allt vel rafvætt. Við snyrtihúsin eru gasgrill og góð aðstaða til þess að vaska upp.



Nýuppgert svefnerbergi í stóra húsi

Á síðasta ári voru um 12.000 gestir á orlofssvæðinu við Apavatn og tekjuaukning af tjaldsvæðinu hefur tvöfaldast á síðustu tveim árum. Flestar helgar frá Jónsmessuhátíðinni til verslunarmannahelgarinnar er tjaldsvæðið fullskipað og vel á annað hundrað fjölskyldur á svæðinu. Töluverð aukning var að fólk var á svæðinu lengri tíma en eina helgi, oft í tvær vikur. Undanfarið ár hefur tjaldsvæðið frá að þar voru rými fyrir um 100 einingar en nú er rými fyrir um 250 einingar. Með vel búnu tjaldsvæði er verið að koma til móts við þá fjölmörgu félagsmenn sem hafa komið sér upp góðum útivistargræjum, en vitanlega eiga þeir jafnmikinn rétt innan orlofsjóðsins og þeir sem nýta orlofshúsin.

Framkvæmdir á Skógarnesi

Á síðasta ári lauk byggingu 10 nýrra húsa í Skógarnesi, sem staðið hafi yfir í þrjú ár. Um er að ræða stórglæsileg 93 ferm. hús með 10 ferm. útigeymslu og 80 ferm. verönd. Húsin hafa reynst gríðarlega vinsæl og ánægja með allan frágang.



Eldhús í nýju litlu húsunum

leigu upp úr miðjum maí. Einnig var ákveðið að endurbyggja stóra húsið. Það var ákaflega illa einangrað auk þess að gluggar voru orðnir ónýtir og þak farið að leka. Húsið var tekið í notkun um páskana, en eftir er að ljúka viðgerðum á utanhúsklæðningu og skipa um járn á þakinu. Stefnt er að ljúka þeim framkvæmdum í byrjun maí. Þessi aðildarfélög eiga hluta nýrri húsanna, en orlofssjóður hefur þau á leigu og mun á komandi árum kaupa húsin.

Golfvöllurinn

Golfvöllurinn er gríðarlega vinsæll meðal gesta svæðisins og hefur hann fengið þau ummæli að vera með betri æfingavöllum. Erfiður og kröfuharður. Brautir hafa verið lagfærðar, auk þess að búið er að bæta við sandgloppum og hólum. Í Miðdal við Laugarvatn rekur RSÍ í samfélagi við önnur stéttarfélög 9 holu golfvöll. Félagsmenn fá kort að golfvellinum gegn vægu gjaldi. Í vor var gerður samskonar samstarfsamningur við golfvöllinn í Hveragerði fyrir félagsmenn sem dvelja í Ölfusborgum.

Hundahald vaxandi vandamál

Stærsta vandamálið á Skógarnessvæðinu eru að verða hundar, eða kannski frekar umsjónarmenn þeirra. Margir umsjónarmanna virða að vettugi allar reglur um að hundar verði að vera í bandi og megi ekki ganga lausir, auk þess að þrifa verði upp eftir þá. Það er gríðarleg óánægja meðal gesta hvernig umsjónarmenn sleppa að þrifa upp eftir hundana, eða gera það en henda svo plastpokunum frá sér. Lítil börn eru að leik þar sem hundarnir hafa skilið eftir sig eða oftast umsjónarmenn hafa skilið eftir plastpokana.

Margir eru hræddir við hundana og þeir hlaupa upp um börn og fólk þegar þeim er sleppt lausum og sumir hundahaldarar sinna engu beiðnum um úrbætur. Þetta mál var til umræðu í miðstjórn sambandsins og vaxandi vilji til þess að banna hundahald. Ákveðið var að gera enn eina tilraun. En nú verður að telja vaxandi líkur þar sem hundahaldarar virða ekki settar reglur verði allt hundahald bannað á svæðinu.

Skógarnes í mars síðastliðnum. Nýju húsin komin upp og byrjað á endurbótum Stóra hússins



Menntamál

Sveinspróf.

Sveinsbréf í rafgreinum eru afhent við hátíðlega athöfn sem Rafiðnaðar-samband Íslands og Samtök rafverktaka standa að venju fyrir athöfninni. Síðast luku prófi þ.e. í febrúar 2010, 47 rafvirkjar og 10 rafeindavirkjar. Á síðasta ári júní 2009 luku 97 rafiðnaðarnemar prófum. Þannig að á þessu ári hafa 171 rafiðnaðarnemar lokið sveinsprófum, sem skiptist þannig að þar eru 143 rafvirkjar og 28 rafeindavirkjar.

Þetta er nýtt met, en árið 2007 var fyrra met sett þegar 157 luku sveinsprófum í rafiðnaðargreinum. Fram að þeim tíma höfðu um 110 rafiðnaðarnemar lokið prófum árlega í allmörg ár. Mikil og stöðug fjölgun hefur verið meðal rafiðnaðarmanna undanfarin ár og hefur fjöldi þeirra tvöfaldast síðasta áratug. Í dag eru starfandi rafiðnaðarmenn með sveinspróf hér á landi tæplega 4.000. Starfsvið rafiðnaðarmanna er í dag gríðarlega víðfeðmt, fyrir 25 árum störfuðu um 80% þeirra í byggingar- og orkugeira. Í dag hefur þetta snúist við, því liðlega 80% þeirra starfa í hátæknigeiranum.

Formenn RSÍ og SART ávörpuðu nýsveina og buðu þá velkomna til starfa innan rafiðnaðargeirans. Atvinnuástand í rafiðnaðargeiranum er betra en í öðrum starfsgeirum og launakjör góð, þrátt fyrir niðursveiflu og tæplega 4% atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna. Þó svo nýsveinar væru að ljúka námi þá kallaði gríðarlega hröð tækniþróun á að rafiðnaðarmenn endurnýjuðu tækniþekkingu sína og sæktu fagtengd námskeið reglulega. Áður sinnu erlendir rafiðnaðarmenn uppsetningu á flóknari tækniþúnaði hér á landi. En með markvissri uppbyggingu starfsmenntunar í rafiðnaði hefur tekist að snúa þessu við og í dag sjá íslenskir rafiðnaðarmenn um alla tækniþjónustu hér og eru margir þeirra að störfum víða heim.

Rafiðnaðarskólinn.

Starfsemi Rafiðnaðarskólans var með hefðbundnu sniði árið 2009. Árið 2009 voru haldin 112 fagnámskeið með 1.118 þátttakendum, flest í Reykjavík en einnig voru haldin námskeið á Akureyri, Ísafirði og Hól-mavík. Vegna ástandsins á vinnumarkaði mátti búast við minni aðsókn að skólanum en stuðningur RSÍ við atvinnulausa rafiðnaðarmönnum gerir þeim kleift að sækja námskeið sér að kostnaðarlausu. Þannig voru 52 atvinnulausir sem sóttu að jafnaði 3 námskeið hver, sumir hverjir fleiri. Kunnugt er að um nokkur dæmi þar sem atvinnulausir hafa fengið atvinnu vegna námskeiðsóknar sinnar.

Þeir félagsmenn sem greitt er af í eftirmenntunarsjóð fá allt að 67% afslátt af námskeiðsgjöldum. Að þessu leiti sker eftirmenntunarsjóður rafiðnaðarmanna sig algjörlega frá öðrum starfsmenntasjóðum

verkalýðshreyfingarinnar, aðrir sjóðir starfa ekki við þróun námskeiða og stefnumarkandi þróun samfara tækniþróun. Þarna fara hagsmunir

fyrirtækjanna algjörlega saman við hagsmunum starfsmanna og skýrir vel

mikið samstarf SART og RSÍ um rekstur menntakerfisins, fyrirtækið nær ekki til sín verkefnum sé ekki til staðar þekking í röðum starfsmanna til þess að takast á við þau.

Auk hefðbundins námskeiðshalds hafa verið haldnir fyrirlestrar sem eru ágætlega sóttir. Skipulögð hafa verið svokölluð „stutt námskeið“ sem eru námskeið sem fjalla um afmarkaðra þætti en í hefðbundnum námskeiðum. Unnið hefur verið að endurnýjun ýmissa námskeiða og ný námskeið hafa bæst við. Skólinn hefur fengið styrki frá Starfsmenntasjóði til fyrir rannsóknarverkefni á liðnum árum og á síðasta ári „Nýttækni í rafiðnaði.“ Verkefnið byggir á því að kanna hvaða nýjungar eru í eftirmenntun rafiðnaðarmanna í nágrannalöndunum og hvernig hefur tekist til með ný námskeið.

RSÍ studdi starf skólans á liðnu starfsári eins og oft áður, nú með því að greiða rekstrarstyrk 3 mánuði ársins. Auk þess nýtur skólinn þess að vera í húsnæði í eigu RSÍ og aðildarfélaga. Aðildarfélög RSÍ hafa einnig stutt skólann árlega með myndarlegum gjöfum til kennslutækjakaupa.

Í stjórn skólans eru Ómar Hannesson, Björn Ágúst Sigurjónsson, Ásmundur Einarsson og Ásvaldur Kristjánsson. Varamenn eru Guðmundur Breiðfjörð og Jakob Tryggvason.

Ómar Hannesson er formaður stjórnar en samkvæmt hluthafasamþykkt félagsins færist formannssætið milli SART og RSÍ á tveggja ára fresti og mun fulltrúi RSÍ verða formaður eftir næsta aðalfund.

Um áramótin flutti Rafiðnaðarskólinn á Stórahöfða 27. Er skólinn fluttur inn á 3. hæðina auk aðstöðu á þeirri fyrstu, en fær alla 1. hæðina nú í sumar, og verður þá hafist handa við að innrétta hana að þörfum skólans. Ekki er hægt að segja annað en að almenn ánægja sé með flutninginn, og mun hagræðið aukast þar sem ekki þarf að vera með námskeið annars vegar í Skeifunni og hins vegar á Stórhöfðanum eins og raunin var. Auk þessa hefur það ótvíræðan kost að vera á sömu slóðum og skrifstofa RSÍ, Fræðslumiðstöðvar rafiðnaðarins og lífeyrissjóðsins.

Yfirlit aðsóknar að skólanum

Fjöldi	2006	2007	2008	2009	2010
Nemenda	877	815	729	1.118	332
Námskeiða	92	88	80	112	35
Kennslustunda	30.683	26.197	23.827	37.585	11.965

Styrktarsjóðurinn

Tegund styrkja – fjöldi styrkþega

Tegund styrks	2008		2009		Mismunur		
	Upphæð	Fjöldi gr. á kennitölu	Upphæð	Fjöldi gr. á kennitölu	Upphæð	%	Fjöldi gr.
Aðrir styrkir	3.391.200	13	1.440.984	8	-1.950.216	-57,5%	-5
Andlátstyrkir til barna	0	0	4.134.612	5	4.134.612	100,0%	5
Útfarastyrkir	5.591.347	11	6.211.394	18	620.047	11,1%	7
Ferðastyrkir	428.645	9	93.000	3	-335.645	-78,3%	-6
Gleraugnastyrkir	5.273.735	203	5.035.788	183	-237.947	-4,5%	-20
Glasa/tækniþróun	327.580	7	748.125	11	420.545	128,4%	4
Hjartavernd	297.120	36	360.465	45	63.345	21,3%	9
Krabbameinsskoðun	47.011	14	74.976	21	27.965	59,5%	7
Líkamsræktarstyrkir	13.924.989	992	19.767.519	1170	5.842.530	42,0%	178
Læknis- og lyfjakostn.	4.803.724	82	5.868.234	105	1.064.510	22,2%	23
Sjúkrabjálfun og nudd	5.419.200	263	6.058.950	298	639.750	11,8%	35
Sjúkradagpen. 80%	71.086.323	90	93.742.525	91	22.656.202	31,9%	1
Sjúradagpen.-lágmark	1.040.711	6	2.799.580	14	1.758.869	169,0%	8
Líkamsr.styrkir til atv.l.	0	0	155.175	17	155.175	100,0%	17
Námskeiðsst.til atv.lausra	0	0	488.300	27	488.300	100,0%	27
SAMTALS	111.631.585	1.726	146.979.627	2.016	35.348.042	31,7%	290

Auk þess sem fram kemur í töflunni voru samkvæmt starfsreglum sambandsins greidd námskeiðsgjöld atvinnulausra sem sóttu námskeið Rafiðnaðarskólans þessi upphæð var kr. 4.296.412.- á síðasta ári.

Styrkir	Styrkir			
	2006	2007	2008	2009
Sjúkrabætur	58.105.974	75.524.018	72.127.034	96.542.105
Eingr.dánarbætur	7.437.920	5.156.589	5.591.347	10.346.006
Sjúkran. og sjúkrabjálfun	4.613.340	4.755.480	5.419.200	6.058.950
Lækniskostnaður	4.168.296	5.898.733	5.131.304	6.616.359
Ferðastyrkir	336.975	243.000	428.645	93.000
Líkamsr. og forvarnarstarf	10.803.202	11.477.800	14.269.120	20.296.135
Gleraugnastyrkir	8.803.395	6.170.109	5.273.735	5.035.788
Styrkir v.atv.lausra	0	0	0	4.846.712
Aðrir styrkir	3.724.424	2.744.458	3.391.200	1.440.984
Samtals	97.995.532	111.970.187	111.631.585	151.276.039

Hækkun milli 2008 og 2009 35,51%

Breytingar á styrkjum

Á sambandsstjórnarfundi 2008 voru samþykktar hækkanir og breytingar á nokkrum styrkja Styrktarsjóðsins sem tóku gildi um áramótin.

Sjúkradagpeningar tekjutenging að 80% af launum næstliðinna 5 mán. en hámark kr. 431.439 á mánuði.

Eingreiddur útfararstyrkur

Fullgr. félagi	424.228
75 ára og eldri	318.171
80 ára og eldri	238.628

Með fyrsta barni

763.602

Með hverju barni umfram eitt

381.801

Árlegur Forvarnar-líkamsræktarstyrkur kr. 20.000

Árlegur Námskeiðsstyrkur kr. 20.000 Skráðir atvinnulausir RSÍ-félagsmenn í 30 daga eða lengur eiga rétt á tvöföldun þessa styrks, samtals kr. 40.000 árið 2009.

RSÍ greiðir að auki allt námskeiðsgjald að öllum þeim námskeiðum sem Rafiðnaðarskólinn heldur.

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í íslenskri verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrkir sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranuðs og sjúkraþjálfunar.

Starfsemi Stafa á óvissuárinu 2009

Erfitt ár er að baki og engum dylst að endurskipulagning íslensks efnahagslífs gengur hægar en vonast var til. Atvinnuleysi er mikið og iðgjöld hafa dregist saman um tæplega 13%, sem rekja má til fækkunar virkra sjóðfélaga, beinnar launalækkunar og minni yfirvinnu. Prefalt meira var greitt út af séreignarsparnaði sjóðfélaga en árið 2008, sem skýrist af tímabundnum heimildum stjórnvalda þar að lútandi. Starfsmenn Stafa hafa haft í nógu að snúast vegna þess hvernig árar. Álag á þá hefur sjaldan eða aldrei verið jafnmikið, einkum vegna útgreiðslna úr séreignardeild, erfiðari innheimtu iðgjalda og skilmálabreytingum á sjóðfélagalánum. Starfsmenn sjóðsins reyna eins og kostur er að liðsinna sjóðfélögum á erfiðum tímum.


Ávöxtun eigna var vissulega betri 2009 en 2008. Samt náði samtryggingarsjóðurinn ekki 3,5% markmiði um raunávöxtun og því versnar tryggingafræðileg staða hans frá fyrra ári. Við vonumst hins vegar til þess að aðild Stafa að Framtakssjóði Íslands og stöðugleikasáttmálanum muni leiða til hraðari uppbyggingar í efnahagslífinu, sjóðfélögum til hagsbóta.

Enn ríkir mikil óvissa um verðmæti skuldabréfa sjóðsins hvort heldur skuldarinn er fyrirtæki eða einstaklingar. Óvissa ríkir líka um endurheimtur skuldabréfa sem sjóðurinn átti hjá hinum föllnu bönkum. Fjárfestingaráð og lögfræðingar Stafa hafa unnið hörðum höndum að kröfúlýsingum vegna gjaldþrota. Sjóðurinn hefur innleyst tap á verðbréfum, sem útséð er um að fáist greidd, að undangengnum nauðasamningum eða gjaldþrotum. Fyrir hrun bankanna hafði sjóðurinn gert afleiðusamninga er takmörkuðu gengisáhættu vegna erlendra fjárfestinga. Stjórn Stafa telur að enn ríki óvissa um hvort eða hvernig gera skuli upp þessa afleiðusamninga. Tap er á flestum þeirra og hefur sjóðurinn fært það til skuldar í bókhaldi sínu en þó er gert ráð fyrir skuldajöfnun þar sem henni verður við komið.

Sjóðfélagar og iðgjöld

Um áramót 2009/2010 áttu um 53 þúsund manns réttindi í sjóðnum og hafði fjölgað lítillega frá fyrra ári. Á árinu 2009 greiddu rúmlega 9 þúsund manns iðgjald til samtryggingardeildar sjóðsins og hafði fækkað um tæplega 8% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, voru tæplega 8 þúsund og hafði fjölgað um 6%. Á árinu námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 3,6 milljörðum króna, sem er um 16% samdráttur frá fyrra ári.

Samtryggingardeild
Lífeyrisgreiðslur 2009



■ Eftirlaunaleyri ■ Makaleyri ■ Örokkulífeyri ■ Banalífeyri

Alls greiddu tæplega 3 þúsund manns iðgjald til séreignardeildar og hafði þeim fjölgað um 10% frá fyrra ári. Á árinu 2009 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar 355 milljónum króna, sem er 46% aukning frá fyrra ári. Þá greiddu rúmlega 1.800 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Lífeyrisgreiðslur og tryggingastaða

Á árinu 2009 fengu um 3.700 lífeyrisþegar greiðslur úr samtryggingardeild,

alls 2,1 milljarð króna, sem er 21% aukning frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var hinn sami árin 2009 og 2008.

Greiðslur úr séreignardeild námu rúmlega 600 milljónum króna, sem er þreföldun frá fyrra ári og skýrist af lögbundinni heimild til tímabundinna útgreiðslna úr séreignardeild.

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins hefur farið fram miðað við árslok 2009. Helstu niðurstöður eru þær að staða sjóðsins í heild, gagnvart áföllnum skuldbindingum, er neikvæð um tæplega 25% en að viðbættum framtíðarskuldbindingum er hún neikvæð um tæplega 13%. Meginskýringarnar á stöðunni eru eftirfarandi:

Ávöxtun eigna náði ekki 3,5% markmiði um raunávöxtun.

Auknar lífslíkur.

Lægra hlutfall framtíðariðgjalda af heild, sem skýrist af samdrætti í iðgjaldagreiðslum á árinu.

Stjórn sjóðsins hyggst leggja til við ársfund að áunnin réttindi m.v. 31.12.2009 verði skert um 10%. Á skerðingin að koma til framkvæmda í fjórum skrefum á þriggja mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. júlí n.k. Reyndar hvílir ekki lagaskylda á sjóðnum að skerða réttindi í ljósi tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins nú en sjóðstjórn vill taka á vandanum strax frekar en að slá því á frest. Rétt er að hafa í huga að réttindi sjóðfélaga hafa á undanförunum 11 árum verið aukin verulega umfram verðlag.

Ávöxtun eigna


Nafnávöxtun allra eigna var 3,67% en hrein raunávöxtun, eftir frádrátt fjárfestingarkostnaðar og rekstrarkostnaðar, nam -4,57%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins síðustu fimm árin er neikvæð um -1,9% en er jákvæð um 0,6% síðustu tíu árin. Við útreikning á sögulegri ávöxtun er meðalávöxtun sameinaðra sjóða lögð til grundvallar. Sjóðfélögum stendur til boða að velja um þrjár séreignarleiðir sem hafa skilað mismunandi ávöxtun, allt eftir samsetningu og áhættu. Til að mynda var 14% nafnávöxtun árið 2009 á leið 1, Sólstöfum, sem jafngildir 5% raunávöxtun og vegin 5 ára meðalávöxtun þar er 5,16%.

Fjárfestingar

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam rétt tæplega 80 milljörðum króna. Á liðnu ári var 27 milljörðum króna ráðstafað til verðbréfaþega og lánveitinga í samræmi við fjárfestingastefnu sjóðsins. Keypt voru skuldabréf fyrir rúmlega 16 milljarða króna. Afborganir og sala skuldabréfa námu rúmlega 17 milljörðum króna. Keypt voru verðbréf með breytilegum tekjum fyrir 6 milljarða króna en seld fyrir 7 milljarða króna.

Rekstrarkostnaður

Samanlagður rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld Stafa voru um 200 milljónir króna og jukust um rúmlega 2% frá fyrra ári. Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu hækkar mikið frá fyrra ári, aðallega vegna vinnu við kröfugerð og ýmsa aðra þjónustu sem rekja má til hruns á fjármálamörkuðum. Frá því að Stafir lífeyrissjóður hóf starfsemi hefur rekstrarkostnaður aukist um 21 milljón króna en ef tekið er tillit til launa-



og verðlagshækkana hefur kostnaður hins vegar lækkað um 25% á síðustu fjórum árum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu 2009 var 109 milljónir króna og jókst um 7%. Sjóðurinn skiptir kostnaði samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins í rekstrarkostnað og fjárfestingagjöld.

Á skrifstofu sjóðsins eru nú 12 fastráðnir starfsmenn.

Skipulag og stjórnun Stafa

Stöðugt er unnið að því að efla skipulag og rekstur Stafa með það að markmiði að auka rekstraröryggi. Sjóðurinn býr við öflugt eftirlit ytri endurskoðanda, PWC, og innri endurskoðanda, Deloitte. Þessir aðilar vinna sjálfstætt og hafa skoðað sjóðinn og rekstur hans fyrir árið 2009 og skilað stjórn sjóðsins skýrslu þar um. Þá hefur stjórn Stafa skipað þriggja manna endurskoðunarnefnd. Tveir nefndarmenn eru óháðir stjórninni en sá þriðji situr í stjórn. Nefndinni er ætlað að yfirfara vinnubrögð endurskoðanda og vinna náið með innri endurskoðanda að því að efla enn frekar eftirlit með rekstri sjóðsins. Þá starfar sérstakur regluvörður fyrir stjórnina og annast eftirlit með verðbréfavíðskiptum stjórnarmanna og starfsmanna, ef einhver eru.

Á vefnum stafir.is má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn. Skrái sjóðfélagi sig inn með lykilorði fær hann upplýsingar eigin stöðu gagnvart Stöfum: greitt iðgjald, lífeyrisrétt, lífeyrisgreiðslur og sjóðfélagalán.

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og breytast mánaðarlega

Lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar og því hækka þær nánast undantekningarlaust á milli mánaða, nema í þeim tilfellum sem verðhjöðnun mælist. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun lífeyrisgreiðslna hjá félagsmanni í RSÍ sem hafði 125.000 kr. í mánaðarlegan lífeyri 2001 og þróun lífeyris á samanburðargrunni við vísitöluneysluverðs og launa. Myndin sýnir að lífeyrisgreiðslur hafa hækkað um 44% umfram verðlag á tímabilinu 2001 til 2009 og 37% umfram laun á sama tíma. Á þessu tímabili hafa lífeyrisgreiðslur hækkað í tvígang vegna réttindahækkunar sem rekja má til breytinga á réttindakerfi og úthlutunar umframeignar sjóðsins við sameiningu Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins sem mynduðu Stafi lífeyrissjóð. Þá sýnir myndin hvernig 6% skerðing réttinda 2009 hafði áhrif til lækkunar að sama skapi. Árleg kaupmáttaraukning lífeyris reiknast því 4,2% þrátt fyrir 6% skerðingu 2009. Í dag er viðkomandi einstaklingur með 265.000 í mánaðarlegan lífeyri og þarf ef tillögur stjórnar ganga eftir að búa sig undir 10% lækkun í fjórum 2,5% skrefum sem sýnd eru á meðfylgjandi mynd. Á þessari mynd er reiknað með 3,5% verðbólgu á næstu 12 mánuðum, sem dregur úr 10% lækkun í krónum talið og ef verðbólgan verður hærrí gæti viðkomandi einstaklingur allt eins endað á svipuðum lífeyri eins og gerðist þegar síðast breyting var gerð. Ef tillaga stjórnar um 10% skerðingu í þrepum verður samþykkt á ársfundi Stafa reiknast hækkun að teknu tilliti til 10% skerðingar enn þá 25% umfram verðlag og 22% umfram laun á tímabilinu. Það er að sjálfsögðu sorglegra en tárur tekur að þurfa að tilkynna frekari skerðingu réttinda, en fall bankana með tilheyrandi áhrifum á atvinnulífið er staðreynd og stjórn stafa vill taka á vandamálinu strax í stað þess að bíða með aðgerðir.

